

---

FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

# UPPLÝST SAMFÉLAG

OPINBER UMRÆÐA, HÁSKÓLAFÓLK OG FJÖLMÍÐLAR

Ritgerð til BA-gráðu  
Nafn: Gauti Skúlason  
Leiðbeinandi: Gunnar Sigvaldason  
(Vorönn – 2016)



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY

---



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY

---

Staðfesting á lokaverkefni til BA-gráðu í HHS; heimspeki, hagfræði og  
stjórnmálafræði

Lokaverkefnið:

# Upplýst samfélag

Opinber umræða, háskólafólk og fjölmiðlar

Um hlutverk háskólafólks og fjölmiðla í opinberri umræðu

eftir Gauta Skúlason, kt. 280393 2589

Verkefnið hefur verið metið samkvæmt reglum og kröfum Háskólans á Bifröst  
og hefur hlotið lokaekunnina: \_\_\_\_\_

---

Háskólinn á Bifröst, vorönn 2016

---

Leiðbeinandi

---

Sviðsstjóri félagsvísindasviðs



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY

Lokaverkefni til BA-gráðu í HHS; heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði

# Upplýst samfélag

Opinber umræða, háskólafólk og fjölmiðlar

Um hlutverk háskólafólks og fjölmiðla í opinberri umræðu

Höfundur:  
Gauti Skúlason

Leiðbeinandi:  
Gunnar Sigvaldason

Félagsvísindasvið Háskólans á Bifröst  
Vorönn 2016

## ÁGRIP

---

Í þessari ritgerð er fjallað um hvað þurfi að vera til staðar í lýðræðissamfélögum til þess að borgarar þeirra geti tekið þátt í opinberri umræðu. Fjallað er um mikilvægi opinberrar umræðu fyrir lýðræðið og rætt um hvaða hlutverki háskólafólk og fjölmiðlar eiga að gegna í opinberri umræðu en niðurstaða rannsóknar er að þessir hópar séu mikilvægir fyrir virkt lýðræðissamfélag. Skoðað er hvernig og hvers vegna fjölmiðlum og háskólafólki mistókst að halda opinberri umræðu upplýstri í aðdraganda íslenska efnahagshrunins árið 2008. Áhrif hagsmunaafla á opinbera umræðu eru krufin til mergjar og greint frá dæmum um tilraunir hagsmunahópa til að hafa áhrif á fjölmiðla og háskólafólk, bæði fyrir og eftir hrun. Ljóst er að í íslensku samfélagi eru til öfl sem reyna að vængstífa upplýsta opinbera umræðu. Færð eru rök fyrir því að uppgjörinu við hið íslenska efnahagshrun sé ekki lokið og því ljúki ekki fyrr en tekist er á við þá staðreynd. Aðeins þannig er hægt að styrkja umhverfi fjölmiðla- og háskólafólks sem eru nauðsynlegar stéttir í öllum virkum lýðræðissamfélögum.

## ABSTRACT

---

The focus of this thesis is the necessary condition for an informed public discourse. It addresses the importance of public discourse for democracy and how the academics and people working within the mass media should participate in it. The conclusion of the analysis is that the roles of both these groups are of crucial importance for an active democratic society. For more depth on the topic, the case of the Icelandic financial crisis in 2008 was specifically explored and explained how and why the mass media, as well as the academics, failed their roles in the prelude of the crisis. In the thesis it is discussed how special interest groups have tried to undermine informed public debate and discourse by trying to influence the academics and the media, both before and after the financial crisis. The argument is that this is a part of Icelandic society that has not been sufficiently dealt with, and there are still forces within society that try to discourage and undermine informed public debate. It is also argued that without accepting this fact the Icelandic nation will never succeed in building a society different from the one it had before the crisis of 2008, an active democratic society with a strong academia and a strong media environment.

# EFNISYFIRLIT

---

ÁGRIP.....	iii
ABSTRACT.....	iv
1. INNGANGUR.....	1
2. OPINBER UMRÆÐA .....	3
3. FJÖLMIÐLAR .....	7
3.1. Sjálfstæði fjölmiðla.....	9
3.2. Eignarhald á fjölmiðlum.....	16
4. HÁSKÓLAFÓLK .....	22
4.1. Háskólafólk, samfélagsleg ábyrgð og akademískt frelsi.....	22
4.2. Svo bregðast krosstré sem önnur tré .....	25
5. NIÐURSTÖÐUR .....	33
6. HEIMILDASKRÁ.....	35
7. LAGASKRÁ .....	40

# 1. INNGANGUR

---

Í þessari ritgerð er sjónum beint að mikilvægi opinberrar umræðu innan lýðræðissamfélaga. Rætt verður um hlutverk og þátttöku háskóla- og fjölmiðlafólks í opinberri umræðu og mikilvægi þessara stétta fyrir lýðræðissamfélög. Sérstök áhersla er lögð opinbera umræðu og þátttöku háskólafólks og fjölmiðla innan hennar í aðdraganda íslenska efnahagshrunsins árið 2008 sem og í kjölfar hrunsins, og eftir hrunið. Skoðað verður hvernig sérhagsmunaöfl reyndu að hafa áhrif á lýðræði.

Annar kafli ritgerðarinnar fjallar um opinbera umræðu og mikilvægi hennar við myndun almenningsálits (e. *public opinion*). Skoðað verður hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi til að opinber umræða teljist vera upplýst. Ræddar eru hugmyndir John Rawls um réttlátar stofnanir, skarað samkomulag (e. *overlapping consensus*) og opinbera skynsemi (e. *public reason*). Þá er einnig er fjallað um réttlætishugmyndir Amartya Sen og Martha C. Nussbaum og skoðað af hverju þær skipta máli fyrir opinbera umræðu. Að lokum er rætt hvað getur skaðað opinbera umræðu og hvernig hægt sé að koma í veg fyrir slíkt.

Rætt um fjölmiðla (e. *mass media*) í þriðja kafla og hvernig fjölmiðlar í lýðræðissamfélögum eiga að miða að því að halda opinberri umræðu upplýstri – og þar með þjóna almenningi. Fjallað er ítarlega um sjálfstæði fjölmiðla og áhrif hagsmunaafila á þá, starfsumhverfi fjölmiðlafólks og vinnubrögð þess. Einnig er rætt um eignarhald á íslenskum fjölmiðlum og skoðað hvaða áhrif samþjöppun eignarhalds getur haft á starfsemi fjölmiðla. Lagður er fram greiningarrámmi sem er hjálplegur til þess að skilja hvenær samþjöppun á eignarhaldi fjölmiðla er orðin skaðleg.

Í fjórða kafla er sjónum beint að háskólafólki (e. *academics*). Fjallað er um mikilvægi þess að háskólafólk taki þátt í opinberri umræðu og hvað það ætti að hafa hugfast þegar það gerir svo. Hugmyndin um akademískt frelsi (e. *academic freedom*) er kynnt til sögunnar og útskýrt er mikilvægi hennar fyrir háskólafólk og samfélagið allt. Einnig er fjallað um það með hvaða hætti háskólafólk brást skyldum sínum um þátttöku í opinberri umræðu í aðdraganda hrunsins sem og leitast við að skilja hvort eitthvað hafi breyst á árunum eftir hrun.

Niðurstöður ritgerðarinnar eru dregnar saman í fimmta kafla en í stuttu máli kemst ég að því að opinber umræða á Íslandi fyrir hrun hafi verið óheilbrigð sökum þess að hún var óupplýst. Fjölmiðlum og háskólafólki mistókst að halda opinberri umræðu upplýstri, annars vegar vegna sjálfsritskoðunar og hins vegar vegna þrýstings frá hagsmunaöflum. Þó margt hafi batnað eftir efnahagshrunið má enn margt bæta. Styrkja þarf stöðu fjölmiðla og bera þarf meiri virðingu fyrir



akademísku frelsi háskólafélks. Ennþá eru til staðar hagsmunaöfl sem vilja að opinber umræða fari fram á þeirra forsendum. Mikilvægt er að draga lærdóm af þeim mistökum sem gerð voru fyrir hrun og einkum þeim þáttum sem stuðluðu að óheilbrigðri opinberri umræðu. Upplýst opinber umræða er nauðsynlegur þáttur í virku lýðræðissamfélagi og því skiptir miklu máli að vinna hörðum höndum að því að skilja og betrumbæta þá þætti sem gera upplýstri umræðu kleift að dafna. Líta má á þessa ritgerð sem mitt framlag til þess verks.

## 2. OPINBER UMRÆÐA

---

Hugtakið opinber umræða (e. *public discourse*) er veigamikið í þessari ritgerð og því skiptir sköpum að öðlast skilning á því og gera tilraun til þess að skilgreina hvað felst í því. Einn þeirra sem fjallað hefur um hugtakið er bandaríski lagaprófessorinn Robert C. Post (f. 1947 – ) í bók sinni *Democracy, Expert, and Academic Freedom: A First Amendment Jurisprudence for the modern state* frá árinu 1995. Í stað þess að skilgreina opinbera umræðu<sup>1</sup> nákvæmlega ákveður Post að fara þá leið að setja fram kenningu um hegðun fólks<sup>2</sup> (Blocher, 2012, bls. 409 - 410). Post telur að til þess að skilja hvað felist í opinberri umræðu sé betra að rannsaka hana út frá því hvernig fólk stundar hana í stað þess að reyna að skilgreina hana á nákvæman hátt. Post bendir á að ekki sé aðeins erfitt að skilgreina opinbera umræðu, heldur virðist skilgreiningin á hugmyndinni eða hugtakinu alltaf háð gildismati hvers og eins (Blocher, 2012, bls. 411). Sökum þess hve óljóst er hvað felist í opinberri umræðu leggur Post til að hún sé hvorki skilgreind eftir innihaldi né málgjörðum (e. *speech acts*), heldur frekar eftir þeim samskiptaleiðum sem eru taldar nauðsynlegar til þess að mynda almenningsálit (e. *public opinion*)<sup>3</sup>. Samkvæmt þessu er umræða opinber þegar hún miðar að því að mynda almenningsálit (Blocher, 2012, bls. 411). Næsta spurning hlýtur þá að vera hvað er almenningsálit?

Í bók sinni *Public opinion* frá árinu 1922 ræðir bandaríski blaðamaðurinn Walter Lippmann (f. 1889 – d. 1974) um almenningsálitið. Hann segir að til þess að skilja hugmyndina um almenningsálitið með fullnægjandi hætti þurfi að skilja hvernig fólk myndar sér skoðanir. Þar þarf að horfa til samspils þriggja þátta, þ.e. þess sem gerist, hvernig fólk túlkar það sem gerist og hvernig fólk bregst við því sem gerist. Þannig, segir Lippmann, getur allt mögulegt í umhverfi fólks haft mikil áhrif á mótun skoðana þess og þar með á almenningsálitið (Lippmann, 1922). Í fyrirlestri sínum *Almenningsálitið er ekki til*, frá árinu 1972, heldur franskur félagsfræðingurinn Pierre Bourdieu (f. 1930 – d. 2002) því fram að almenningsálitið sé ekki til í þeirri mynd sem framleiðendur skoðanakannana, eða þeir sem nýta sér niðurstöður þeirra, vilji ganga út frá. Bourdieu bendir á að skoðanir fólks séu of margslungnar til þess hægt sé að ramma þær inn í niðurstöður vísindalegra kannana. Í fyrirlestri sínum ræðir Bourdieu ekki ítarlega um hvernig væri hægt að skilgreina almenningsálitið. Hann leggur frekar áherslu á að sýna hvernig hægt sé að „búa til“ skoðanir fólks og þar með sé hægt að móta almenningsálitið (Bourdieu,

---

<sup>1</sup> Sjá nánar í Post, 1995.

<sup>2</sup> Post notar eftirfarandi orðasambönd þegar hann talar um hegðun fólks: *Forms of conduct, social roles og communicative processe*.

<sup>3</sup> Sjá nánar í Post, 1995.

1972). Með hugmyndum sínum afmarka Lippmann og Bourdieu hugtakið eða hugmyndina um almenningsálitið að einhverju leyti, en um leið sýna þeir fram á hversu margræð merking hugtaksins er. Nauðsynlegt er að hafa þetta í huga þegar rætt er um hvað felst í opinberri umræðu. En meira þarf til.

Í bók sinni *A Theory of Justice* frá árinu 1971, setur bandaríski heimspekingurinn John Rawls (f. 1921 – d. 2002) fram hugmyndir sem eiga að leggja kenningarlegan grundvöll að réttlátu samfélagi. Eitt af því sem Rawls er tíðrætt um er pólitískur skilningur á réttlæti en Rawls beinir sjónum að grunngerð samfélagsins. Samkvæmt Rawls er aðeins hægt að byggja upp réttlátt samfélag ef grunngerð eða meginstofnanir samfélagsins grundvallast á réttlæti (Rawls, 2001; Vilhjálmur Árnason, 2008, bls. 277 - 278). Rawls segir að lýðræðissamfélög eigi að skapa stofnanir til þess að borgarar geti nýtt sér pólitísk réttindi sín. Rawls bendir á að innan lýðræðissamfélaga skilgreini stofnanir skyldur og réttindi borgara, lífsviðhorf þeirra, hvers þeir geti vænst og hvernig þeim muni farnast í lífinu. Þegar Rawls talar um stofnanir á hann t.d. við stjórnarskrár og grundvallarskipan efnhags- og félagsmála lýðræðisríkja (Rawls, 2001, bls. 149; Vilhjálmur Árnason, 2008, bls. 274<sup>4</sup>).

Þýski heimspekingurinn Jürgen Habermas (f. 1929 – ) setur fram svipaðar hugmyndir og Rawls. Hann segir það höfuðverkefni lýðræðissamfélaga að skapa aðstæður fyrir borgarana til að geta haft áhrif á eigið samfélag eða stöðu sína í samfélaginu. Habermas bætir jafnframt við að til þess að skapa þær aðstæður þurfi samfélög að tryggja betri leiðir fyrir borgarana til þess að mynda „sameiginlegan ígrundaðan vilja sinn á opinberum vettvangi<sup>5</sup> og vinna að því að sá vilji hafi áhrif á pólitíska stefnumótun og stjórnsýslu“ (Vilhjálmur Árnason, 2008, bls. 349). Hvaða skilyrði þurfa þá að vera til staðar til þess að borgarar geti nýtt sér pólitísk réttindi sín eða haft áhrif á samfélagið, líkt og Rawls og Habermas leggja áherslu á?

Samfélög eru oftast en ekki full af borgurum sem hafa ólíkar lífsskoðanir, sem jafnvel geta stangast á. Rawls gerir sér grein fyrir fjölbreytileika samfélaga en hann veltir því fram hvernig ólíkir fjölbreyttir hópar borgara geta fallist á sameiginlegan skilning um réttlæti. Lausn Rawls felst m.a. í hugmyndinni um skarað samkomulag (e. *overlapping consensus*) en í henni felst að ólíkir borgarar með ólíkar lífsskoðanir fallast á sama pólitíska skilningi á réttlæti, þ.e. ákveðna hugmynd um grunngerð samfélagsins (Rawls, 2001, bls. 184). Hugmyndin um skarað samkomulag gerir hvorki ráð fyrir því að borgarar fallist á sameiginlegan skilning á réttlæti, af

---

<sup>4</sup> Sá nánar í Rawls, 1971, bls. 3 – 7.

<sup>5</sup> Þegar Habermas talar um opinberan vettvang (e. *public sphere*) á hann við margvíslegan og sameiginlegan vettvang borgara sem skapaður er til þess að rökraða lífsgæði og gildismat borgara (Vilhjálmur Árnason, 2008, bls. 306).

sömu ástæðum, né geri hún ráð fyrir því að borgaranir séu sammála um að vera ósammála, alls ekki, en slíkt býður ekki upp á stöðugleika. Skarað samkomulag miðar að því að skapa stöðugleika innan samfélaga, þó ávallt með hliðsjón af réttlætinu, og Rawls telur að með tímanum muni meirihluti borgara styðja sanngjarnt skarað samkomulag (Rawls, 2001, bls. 194). Skarað samkomulag um pólitískt réttlæti er nauðsynlegt innan lýðræðisríkja þar sem ólíkir hópar þurfa að lifa saman innan ákveðins ramma eða forms. Gangi hugmynd Rawls um skarað samkomulag upp og samfélagið stjórnist af réttlæti, myndast það sem Rawls kallar vel skipað samfélag. Í vel skipuðu samfélagi staðfesta allir borgarar pólitískan skilning á réttlæti og þar með ákveðnar hugmyndir um grunngerð samfélagsins (Rawls, 2001, bls. 32 – 33). Til þess að borgararnir geti komist að sköruðu samkomulagi um grunngerð samfélagsins þá þarf opinber umræða að geta farið fram og borgaranir þurfa að geta komið skoðunum sínum á framfæri (Rawls, 2001).

Þá kemur hugmyndin um opinbera skynsemi (e. *public reason*) fram. Rawls bendir á að borgaranir þurfi að geta rætt um hvað sé sanngjarnt, hvað sé satt auk þess að hafa tækifæri til þess að sannfæra hvor aðra um það. Hér er mikilvægt að taka fram að Rawls lítur á samfélagið sem samvinnu- og samræðuvettvang jafnra og frjálsra borgara. Sökum þess eiga allir borgarar að geta tekið þátt í þeirri umræðu sem skapast undir opinberri skynsemi (Rawls, 2011, bls. 116). Hægt er að taka undir með Rawls en setja þó spurningamerki við hve raunhæf nálgun hans er. Það hafa bandaríski heimspekingurinn Martha C. Nussbaum (f. 1947 – ) og indverski hagfræðingurinn og heimspekingurinn Amartya Sen (f. 1933 – ), tveir helstu kenningasmiðir færminálgunnar (e. *capabilities approach*), gert.

Nussbaum og Sen hafa m.a. fært fyrir því rök að Rawls taki ekki nægjanlegt tillit til ákveðinna samfélagshópa innan réttlætiskenningar sinnar. Þannig geti t.a.m. ekki allar manneskjur fallið undir hugmyndina um opinbera skynsemi sem Rawls ræðir. Augljóst virðist að vitsmunaskertar manneskjur geti ekki tekið þátt í opinberri umræðu samkvæmt hugmyndinni um opinbera skynsemi (Nussbaum, 2011; Sen, 2000). Nálgun Rawls virðist vera, a.m.k. að einhverju leyti, of þröng – enda byggist hún á þröngum skilningi á manneðlinu og þröngum skilningi á rökvísi. Nussbaum og Sen leggja til að athyglinni sé beint að þeim tækifærum eða því raunverulega frelsi sem standa eigi hverri manneskju til boða. Hugmyndir Nussbaum og Sen ganga út á að góð samfélög beri ábyrgð á því að tryggja borgurum sínum frelsi og tækifæri sem þeir geta valið að nýta sér eður ei, og að bæta lífsgæði borgaranna og gera þeim kleift að lifa lífi sem þeir vilja lifa (Nussbaum, 2011, bls. 18 – 19). Samfélög þurfa að gera borgurunum

kleift að geta átt farsælt líf en það sem felst m.a. í því er að borgararnir séu upplýstar manneskjur sem geti tekið þátt í upplýstri opinberri umræðu. Fyrir þessu liggja þó hindranir.

Sérhagsmunaöfl vinna leynt og ljóst að því að skrumskæla, á skipulegan hátt, opinbera umræðu borgaranna. Oft hefur þessi skrumskæling á umræðunni í för með sér að borgararnir „gangast fúsir undir hugmyndafræði sem hamlar framgangi þeirra eigin hagsmuna.“ Þessi sérhagsmunaöfl eru svo sterk að þau skeyta engu um hvað sé rétt eða rangt siðferðislega (Vilhjálmur Árnason, 2008, bls. 349). Dæmi um þetta er þegar opinber umræða er ekki upplýst og þá getur myndast almenningsálit sem er skaðlegt. Slíkt gerðist á Íslandi fyrir hrun á árunum 2005 til 2008 en þá þóttu afskipti fjármálageirans af nánast öllum sviðum samfélagsins<sup>6</sup>, þ.e. markaðsvæðing samfélagsins, fullkomlega eðlileg. Það leiddi til þess að hér varð eitt stærsta fjármálahrun veraldar (RNA, 2010). Til þess að koma í veg fyrir slíkt þurfa samfélög m.a. að tryggja borgurum aðgang að sjálfstæðum, óhlutdrægum og sanngjörnum fjölmiðlum (e. *mass media*) en athyglinni verður beint að þeim í næsta kafla.

---

<sup>6</sup> Hér er átt við hluti eins stjórnsmál, menntun, fjölmiðlun o.s.frv.

### 3. FJÖLMIÐLAR

---

Fjölmiðlar eru fyrirbrigði sem miðla upplýsingum til tiltölulega fjölmenns hóps fólks. Ein stærsta breytingin sem hefur átt sér stað á fjölmiðlum á síðustu árum er að almenningur getur í auknum mæli fylgst með fjölmiðlum og notað þá í gegnum internetið og samskiptamiðla. Þó er ekki hægt að segja að almenningur taki beint þátt í fjölmiðlun með því að nota samskiptamiðla og internetið, eða hvað? Tæknivæðingin hefur haft þau áhrif að skilgreiningin á því hvað telst vera fjölmiðill er orðin ansi óljós (Croteau, Hoynes og Milan, 2012, bls. 8). Til dæmis mætti velta því upp hvort bloggarar eða þeir sem eru með margar þúsundir (eða milljónir) fylgjenda á samskiptamiðlum geti talist til fjölmiðla.

Breski fjölmiðlafræðingurinn Julian McDougall (f. 1969 - ) vill meina að fólk nú á tímum, sem hefur greiðan aðgang að interneti, lifi í svokölluðu fjölmiðlaumhverfi (*e. media environment*). Stór hluti af daglegu lífi fjölda fólks tengist fjölmiðlun í einhverri mynd og stór hluti af lífi fjölda fólks fer fram á samskiptamiðlum. Fjölmiðlar og samskiptamiðlar hafa mikil, meðvituð og ómeðvituð, áhrif á líf fólks. Fólk tekur ekki eftir öllum upplýsingum sem það sér eða heyrir í fjölmiðlum eða á samskiptamiðlum. Sökum þess hve fjölmiðlar eru samofnir tilvist fjölda fólks er nánast ómögulegt að skilgreina hugtakið fjölmiðill (McDougall, 2012, bls. 5 – 6). Í bók sinni *Ritlist, Prentlist og Nýmiðlar* virðist Þorbjörn Broddason (2005, bls. 84), fjölmiðlafræðingur, taka undir með McDougall en þar heldur hann því fram að hugtakið fjölmiðill eigi nánast ekki lengur við sökum þess hve miklar breytingar hafa orðið á hugtakinu. Hann bætir við að það verði sífellt erfiðara að „draga mörk milli ólíkra fjölmiðla.“

Á einhvern hátt þarf þó að afmarka skilgreiningu á hugtakinu fjölmiðill, svo hægt sé að átta sig á því um hvað er rætt þegar hugtakið er notað. Í lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 er stuðst við eftirfarandi skilgreiningu á hugtakinu fjölmiðill: „hvers konar miðill sem með reglubundnum hætti miðlar til almennings efni er lýtur ritstjórn. Til fjölmiðla teljast m.a. dagblöð og tímarit, ásamt fylgiritum þeirra, netmiðlar, hljóð- og myndmiðlar og aðrir sambærilegir miðlar.“ Í skýrslu nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla kemur t.a.m. fram að afar erfitt sé, í „núverandi umhverfi“<sup>7</sup>, að skilgreina hugtakið fjölmiðill (MRN, 2005, bls. 9). Þó að ekki fáiast skýrt svar við spurningunni um hvað fjölmiðill sé er hægt að spyrja annarra og jafnvel mikilvægari spurninga sem skipta máli fyrir samfélagið. Þannig má spyrja þeirrar mikilvægu spurningar um hvaða hlutverki fjölmiðlar gegni í

---

<sup>7</sup> Höfundar skýrslunnar nota þetta orðalag, þ.e. „núverandi umhverfi“, e.t.v. eiga þeir við nútímann og það umhverfi tækiniframfara og framþróunar sem einkennir nútímann.

lýðræðissamfélögum. Í skýrslu nefndar menntamálaráðherra um eignarhald á fjölmiðlum kemur fram að fjölmiðlar gegni margskonar hlutverkum í nútíma lýðræðisríkjum. Fjölmiðlar eru ekki aðeins vettvangur fyrir skemmtun, auglýsingar og tilkynningar heldur líka „farvegur fyrir skoðanir yfirvalda, hagsmunahópa og almennings.“ Fjölmiðlar móta einnig menningu þeirra hópa þar sem þeir starfa og eru jafnframt uppspretta upplýsinga fyrir almenning nú á tímum (MRN, 2004, bls. 5). Hvaða hlutverk eru þetta nákvæmlega?

Í bók sinni *Development as Freedom* færir Amartya Sen rök fyrir mikilvægi þess að borgarar hafi frelsi sem geri þeim kleift að láta af sér kveða og að tekið sé mark á þeim (Sen, 2000, bls. 288). Í áttunda bindi Rannsóknarskýrslu Alþingis kemur fram að til þess að borgarar geti ræktað það frelsi sem Sen talar um þurfi þeir að hafa „greiðan aðgang að góðum upplýsingum um samfélagið og vettvang til þess að skiptast á skoðunum um þær.“ (RNA, 2010, bls. 195). Þarna skipti góðir fjölmiðlar sköpum vegna þess að þeir eru helsta upplýsingaveitan fyrir almenning og eiga því að sjá fyrir því að „almenningur hafi aðgang að fjölbreyttum og áreiðanlegum upplýsingum“ (MRN, 2004, bls. 5). Hér er rætt um svokallað upplýsingahlutverk fjölmiðla en það „felur í sér að fjölmiðlar láti borgurunum í té áreiðanlegar upplýsingar og vandaða greiningu á samfélagsmálum“ (RNA, 2010, bls. 196).

Fjölmiðlar hafa einnig ákveðnu umræðuhlutverki að gegna en samkvæmt því eiga fjölmiðlar að stuðla að lýðræðislegri umræðu og gagnsæjum stjórnarháttum. Jafnframt eiga fjölmiðlar að vera vettvangur borgaranna til þess að tjá sig um þjóðfélagsmál, stunda fjölpætta þjóðfélagsumræðu og birta þannig umræðu innan samfélagsins og um samfélagið frá mörgum mismunandi sjónarhornum. Fjölmiðlar eru ekki einungis vettvangur borgaranna til þess að stunda opinbera umræðu, heldur eru þeir líka ábyrgir fyrir því að opinber umræða sé yfirleitt stunduð í lýðræðissamfélögum (MRN, 2004, bls. 5; RNA, 2010, bls. 196).

Oftar en ekki eru fjölmiðlar nefndir fjórða grein valdsins í lýðræðisríki eða fjórða valdið<sup>8</sup> (RNA, 2010, bls 196). Það þýðir að fjölmiðlar eiga að veita stjórnvöldum og öðrum valdastofnunum samfélagsins aðhald á hverjum tíma. Aðhaldshlutverk fjölmiðla á ekki einungis að vera til staðar þegar kemur að stjórnvöldum og kjörnum fulltrúum heldur líka þegar kemur að hagsmunasamtökum og félögum, þar á meðal fyrirtækjum í atvinnulífinu. Fjölmiðlum ber lýðræðisleg skylda til þess að birta upplýsingar um störf áður nefndra aðila „sem þeir vita sannar og réttar óháð því hvort þær koma sér vel eða illa fyrir þá sem um er fjallað“ (MRN,

---

<sup>8</sup> Hér er átt við að fjölmiðlar bætist við þau þrjú valdstig sem eru nú þegar í samfélagi okkar, þ.e. dómsvald, löggjafarvald og framkvæmdarvald.

2004, bls. 5). Fjölmiðlar eiga að vernda borgarana fyrir misbeitingu valds, svo sem með því að veita stjórnvöldum og fjármálaráðgjöf aðhald (RNA, 2010, bls. 196).

Segja má að fjölmiðlar endurspegli það sem gerist í samfélögum á hverjum tíma fyrir sig og um leið eru þeir mótunarafl með því einu „að veita sumum málum athygli en ekki öðrum og með því að halda fram skoðunum um tiltekin mál“ (MRN, 2004, bls. 5). Frá fjölmiðlum fær fólk ekki aðeins upplýsingar um staðreyndir er tengjast almannahagsmunum heldur myndar fólk sér líka skoðanir út frá umfjöllun fjölmiðla um málefni og ákvarðar hversu mikilvæg málefni eru út frá því hversu mikla athygli þau fá frá fjölmiðlum. Fjölmiðlar geta þannig sett mál á dagskrá fyrir almenning, sem almenningur myndar sér skoðanir út frá (McCombs, e.d., bls. 1). Þetta vald fjölmiðla er gjarnan nefnt dagskrárvald. Í Rannsóknarskýrslu Alþingis segir að vald fjölmiðla á Íslandi felist meðal annars í innrömmunar- og dagskráráhrifum þeirra. Fjölmiðlar stjórna ekki skoðunum fólks á raunveruleikanum en þeir geta fengið fólk til þess að skoða raunveruleikann á ákveðnum forsendum. Fjölmiðlar segja okkur ekki hvað við eigum að hugsa en þeir hafa áhrif á hvað við hugsum um (RNA, 2010, bls. 265).

Upplýsingar sem fjölmiðlar veita borgurum liggja til grundvallar þegar þeir móta sér skoðanir. Þessar skoðanir koma oftast en ekki fram í opinberri umræðu og eiga þ.a.l. þátt í því að mynda almenningsálitið, en það getur haft gífurlega mikil áhrif á lýðræðissamfélög. Sökum þess hve almenningsálitið getur verið áhrifamikil innan samfélaga verða fjölmiðlar að halda opinberri umræðu upplýstri, stuðla að lýðræðislegri umræðu og vera vera ein af grunnstoðum lýðræðisins. Til þess að svo verði þurfa fjölmiðlar að vera óhlutdrægir og sanngjarnir. Skilyrði fyrir því er að fjölmiðlar séu sjálfstæðir og ekki undir neins konar pressu hagsmunaafla eða annarra afla (RNA, 2010, bls. 195 – 211). En er það svo? Um það verður nú rætt.

### 3.1. Sjálfstæði fjölmiðla

Í Rannsóknarskýrslu Alþingis segir að mikið af upplýsingum sem fjölmiðlar telja mikilvægt að líti dagsins ljós geti „verið óþægilegar fyrir öflugra aðila í samfélaginu, svo sem stjórnvöld og stórfyrirtæki, sem eiga hagsmuna að gæta.“ Í skýrslu Jóns Kaldal, sem hann skrifaði fyrir rannsóknarnefnd Alþingis, er haft eftir ónefndum ritstjóra eins íslensku dagblaðanna að fjölmiðlafólk sé vant því að reynt sé að beita það þrýstingi af viðskiptasamsteypum, stjórnmalaflokkum eða einhverjum innan fjölmiðilsins sjálfs. Þannig þætti það jafnvel eðlilegt að eigendur eða hagsmunaaðilar hefðu afskipti af fréttáflutningi fjölmiðla. Hægt er að greina á milli tvenns konar afskipta. Annars vegar þegar eigandi eða hagsmunaaðili hefur bein afskipti af því hvað fjölmiðlafólk fjallar um og hins vegar þegar reynt er að fá ritstjóra eða fréttastjóra



fjölmiðilsins til þess að gera breytingar á málflutningi fjölmiðlamannsins (RNA, 2010, bls. 198).

Dæmi um þetta má finna í bók eftir Inga Freyr Vilhjálmsson rannsóknarblaðamaður er ber nafnið *Hamskipti: Þegar allt varð falt á Íslandi*. Í bókinni segir Ingi Freyr frá því að árið 2006 hafi DV fjallað um bók sem gefa átt út um Thorsarana<sup>9</sup>. Í fréttum DV um bókina mislíkaði Björgólfi Thor Björgólfssyni það hvernig talað var um fjölskyldu hans<sup>10</sup>. Björgólfur Thor brá á það ráð að reyna kaupa DV af þáverandi eiganda blaðsins, Jóni Ásgeiri Jóhannssyni, til þess eins að reyna leggja blaðið niður. Jón Ásgeir segir að Björgólfur Thor hafi boðið sér 300 milljónir króna fyrir DV en blaðið var selt öðrum aðilum árið 2010 á 80 milljónir króna. Þarna var um hreina og beina ritskoðunartilburði að ræða hjá Björgólfi Thor Björgólfssyni á störfum DV (Ingi Freyr Vilhjálmsson, 2014, bls. 75 – 77).

Oft þarf ekki ytri þrýsting til, hann kemur af sjálfu sér í formi sjálfsritskoðunar. Fjölmiðlafólk tileinkar sér stundum (oft ómeðvitað) sjálfsritskoðun á umfjöllunarefni sínu ef það veit að upplýsingarnar geta verið óþægilegar fyrir fjölmiðilinn sem það vinnur hjá, eigendur hans eða annað starfsfólk. Í Rannsóknarskýrslu Alþingis segir t.d. að fjölmiðlafólk hafi sýnt viðskiptafólki linkind í gagnrýni sökum þess það hafi myndast vináttusambönd milli fjölmiðla- og viðskiptafólks. Þessi vináttutengsl gátu skapast í kynningarferðum sem viðskiptafólkið skipulagði fyrir fjölmiðlafólkið en þá var hægt að spjalla óformlega í kokteilboðum<sup>11</sup> (MRN, 2005, bls. 17; RNA, 2010, bls. 197 og 199).

Í bók Inga Freys segir hann t.a.m. frá því að árið 2007 hafi hann orðið vitni að því þegar Hafliði Helgason, sem þá var ritstjóri Markaðarins sem er fylgirit Fréttablaðsins, ávítta blaðamaður fyrir grein sem hann skrifaði í Markaðinn. Greinin var um Íbúðarlánasjóð og tekur Ingi Freyr fram að það hefði verið ákveðinn broddur í greininni. Hafliði sagði að svona fréttir gætu haft slæmar afleiðingar fyrir fjármálamarkaðinn. Tengsl Hafliða við viðskiptalífið voru mikil á þessum tíma og því átti hann erfitt með að skrifa með hlutlægum hætti um fjármálafyrirtæki. Ingi Freyr, sem starfaði á Fréttablaðinu á þessum tíma, sagðist muna vel eftir því að Hafliði hefði ítrekað reynt að koma í veg fyrir að aðrir blaðamenn en þeir sem störfuðu á Markaðinum skrifuðu gagnrýnar greinar um íslensku útrásina. Hafliði notaði gjarnan þau rök að „gagnrýnin og aðgangshörð skrif“ gætu mögulega skaðað tengsl Markaðarins við

---

<sup>9</sup> Hér er átt við Thorsfjölskylduna.

<sup>10</sup> Móðir Björgólfs Thors, Þóra Hallgrímsson er Thorsari. DV fjallað m.a. um fyrra hjónband Þóru við nasistaleiðtogann Georg Lincoln Rockwell. Faðir Björgólfs Thor og núverandi eiginmaður Þóru, er Björgólfur Guðmundsson en þeir feðgar voru valdamiklir aðilar í íslensku efnahagslífi fyrir hrún (Ingi Freyr Vilhjálmsson, 2014).

<sup>11</sup> Slíkt kemur fram á bls. 13 skýrslu Jóns Kaldal sem skrifuð var fyrir rannsóknarnefnd Alþingis árið 2009.

fjármálafyrirtæki. Þannig sló Hafliði á putta blaðamanna og sá til þess að engir aðrir en blaðamenn Markaðarins skrifuðu viðskiptatengdar fréttir. Ingi Freyr nefnir líka að þegar Björn Ingi Hrafnsson starfaði á Fréttablaðinu hafi Kaupþing fjármagnað hlutabréfaviðskipti hans. Enginn vissi af þessum fjárhagslegum tengslum Björns Inga við Kaupþing á meðan hann vann á Fréttablaðinu. Í starfstíð sinni á Fréttablaðinu passaði hann vel upp á að Kaupþing liti vel út í fréttum Fréttablaðsins (Ingi Freyr Vilhjálmsson, 2014, bls. 34 – 40). Ingi Freyr nefnir fleiri dæmi í bók sinni, t.d. um sig sjálfan, þar sem hann fjallar um það hvernig fjölmiðlafólk getur spillt af „því að eiga í samskiptum við fyrirtæki og fjársterka aðila.“ Ingi Freyr segir að þarna liggi það ljóst fyrir að fjölmiðlafólk hafi stundað sjálfsritskoðanir (Ingi Freyr Vilhjálmsson, 2014, bls. 48 – 49). En hvernig er staðan nú á tímum? Eru þeir hlutir sem tíðkuðust fyrir hrun, og var rætt um hér að ofan, ennþá til staðar?

Í alþjóðlegri rannsókn sem Birgir Guðmundsson, dósent í fjölmiðlafræði, og fleiri íslenskir fræðimenn tóku þátt í að undirbúa og gerð var árið 2011 meðal fjölmiðlafólks á Íslandi kom það fram að hátt í helmingur fjölmiðlafólks telur að sjálfsritskoðun hafi áhrif á dagleg störf þeirra. Birgi fannst þetta hlutfall óvenju hátt og ákvað að skoða þetta nánar. Árið 2015 gaf Birgir út fræðigreininu *Sjálfsritskoðun íslenskra blaðamanna* en þar ræddi hann við sex manneskjur sem allar áttu það sameiginlegt að hafa starfað í rúman áratug, eða lengur við fjölmiðla. Í grein sinni segir Birgir að ástæða þessa háa hlutfalls sé sú að fjölmiðlafólk leggi mismunandi skilning í orðið sjálfsritskoðun. Hægt er að tala um tvenns konar ritskoðun, það er innri og ytri. Þegar um ytri sjálfsritskoðun er að ræða breytir fjölmiðlafólk frétttaflutningi sínum út af utanaðkomandi þrýstingi. En innri sjálfsritskoðun er meira eins og sjálfsgagnrýni. Fjölmiðlafólk veltir því fyrir sér hvað það ætlar að segja og tekur svo sjálfstæða innri ákvörðun. Birgir segir innri ritskoðun vera merki um heilbrigð og fagleg vinnubrögð. Ástæða þess að rúmlega helmingur fjölmiðlafólks svaraði því til, í alþjóðlegu rannsókninni, að sjálfsritskoðun hefði áhrif á dagleg störf sín gæti stafað af því að fjölmiðlafólk er sjálfsgagnrýnið (Bergsteinn Sigurðsson, 2015; Birgir Guðmundsson, 2015; Hjálmar Friðriksson, 2015). Það virðist vera að sjálfsritskoðun fjölmiðlafólks á Íslandi nú um mundir tíðkist ekki á sama hátt og hún gerði fyrir hrun.

Sömu sögu er ekki hægt að segja um hagsmunaöfl sem reyna að hafa áhrif á frétttaflutning fjölmiðlafólks og sjálfsritskoðun fjölmiðlafólks. Þrýstingur hagsmunafloa virðist ennþá vera til staðar líkt og fyrir hrun. Ein höfuðbreyting virðist þó hafa átt sér stað, í stað þess að fjölmiðlafólk sé undir þrýstingi frá viðskiptaöflum virðast það frekar vera pólitísk öfl sem hafa reynt að hafa áhrif á frétttaflutning fjölmiðla eftir hrun. Í frétt í Stundinni segir frá því að sumarið

2013 hafi Sigmundur Davíð, þáverandi forsætisráðherra, boðað Pál Magnússon, þáverandi útvarpsstjóra, til sín á fund. Á fundinum kvartaði Sigmundur Davíð við Pál undan nokkrum starfsmönnum Ríkisútvarpsins. Sigmundur Davíð sýndi Páli jafnframt þrjár möppur sem innihéldu fréttæfni þar sem Framsóknarflokkurinn var gagnrýndur. Á fundinum vitnaði Sigmundur Davíð jafnframt til pistlaskrifa ákveðins starfsmanns Ríkisútvarpsins þar sem Framsóknarflokkurinn var gagnrýndur. Páll Magnússon hefur staðfest að þessi fundur hafi farið fram en hefur ekki tjáð sig nánar um málið (Jón Trausti Reynisson, 2016, bls 16 – 17; Sunna Valgerðardóttir, 2016).

Í janúar árið 2015 boðaði Sigmundur Davíð fjölmiðlamanninn Sigurjón M. Egilsson til sín á fund en á þessum tíma var Sigurjón M. fréttastjóri 365 Miðla. Á fundinum lagði Sigmundur Davíð fram greiningu á skoðanapistlum Sigurjóns M. og samkvæmt þeirri greiningu gagnrýndi Sigurjón M. Framsóknarflokkinn oft en aðra flokka í pistlum sínum (Jón Trausti Reynisson, 2016, bls 16 – 17; Sunna Valgerðardóttir, 2016). Sigurjón M. lýsir þessum fundi í pistli í þættinum Sprengisandi á Bylgjunni þann 17. apríl árið 2016

Ég var kallaður á teppið og þá var búið að greina skrif mín og orð og mér tilkynnt sú niðurstaða margra stjórnarþingmanna að ég gerði fyrrverandi forsætisráðherra [Sigmundi Davíð] erfitt fyrir, sem og ríkisstjórn hans, og væri þeim til trafala. Hann bar sig illa. Hann nefndi fleiri gagnrýnendur á nafn í sömu andrá (Sigurjón Magnús Egilsson, 2016).

Þeir gagnrýnendur sem Sigmundur Davíð nefndi líka voru Gunnar Smári Egilsson, ritstjóri Fréttatímans og Siv Sigmarsdóttur, pistlahöfundur á Fréttablaðinu. Hægt er að taka fleiri dæmi, t.a.m. sagði núverandi útvarpstjóri, Magnús Geir Þórðarson, í viðtali við Stundina þann 21. apríl árið 2016, að á þeim tveimur árum sem hann hafi verið útvarpsstjóri hafi honum borist ábendingar og athugasemdir frá valdhöfum og fulltrúum þeirra (Jón Trausti Reynisson, 2016, bls 16 – 17).

Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins og formaður fjárlaganefndar, sagði í viðtali í ágúst árið 2013 að Ríkisútvarpið væri orðið alltof Evrópusinnað og að hún vildi endurskoða fjárframlög ríkissjóðs til Ríkisútvarpsins. Vigdís tók fram að henni fyndist féð sem færi í rekstur RÚV óeðlilega mikið. Þá sagði hún RÚV hlíta ákveðinni stefnu og hallast til vinstri (Jakob Bjarnar Grétarsson, 2013). Í júlí árið 2014 sagði Sigrún Magnúsdóttir, sem þá var þingflokksformaður Framsóknarflokksins, að hún saknaði fjölmiðils sem skildi Framsóknarflokkinn og stefnu hans. Jafnframt tók Sigrún fram að allt sem Framsóknarmenn lögðu til væri gert tortryggilegt og snúið út úr því. Sigrún sagði að allir vissu að Fréttablaðið væri mest fyrir Samfylkinguna og Bjarta Framtíð og bætti við að það væri mjög gott ef

Framsóknarmenn gætu átt sitt eigið fréttablað (RÚV, 2014a). Framsóknarmönnum virðist vera tíðrætt um samband stjórnmála og fjölmiðla því í grein sinni í mars árið 2016 fjallaði Karl Garðarsson, þingmaður flokksins, um frétttaflutning RÚV varðandi aﬂandsfélagið Wintris sem er í eigu konu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar. Karl sagði að í frétttaflutningi sínum hafi RÚV valið sér viðmælendur sem væru andsnúnir Framsóknarflokki og með þessu hefði komið í ljós Framsóknarflokkurinn væri helsti óvinur RÚV (Karl Garðarsson, 2016).

Líkt og þessi dæmi sýna eru tilburðir ákveðinna pólitískra aﬂa, til þess að hafa áhrif á frétttaflutning fjölmiðla, með ýmsum leiðum, bersýnilega til staðar. Sökum þess er gífurlega mikilvægt, þegar rætt er um sjálfstæði fjölmiðla, að hafa starfsumhverfi og vinnubrögð fjölmiðlafólks í huga (RNA, 2010, bls. 196). En hvernig er staðan á Íslandi varðandi starfsumhverfi og vinnubrögð fjölmiðlafólks?

Það fjölmiðlafólk sem sat undir svörum við gerð Rannsóknarskýrslu Alþingis talaði um erfið starfsskilyrði íslenskra fjölmiðla og fjölmiðlafólks (RNA, 2010, bls. 197). Samkvæmt rannsóknum<sup>12</sup> sem gerðar hafa verið telur íslenskt fjölmiðlafólk tímaþröng, fjárskort og mikið vinnuálag gera því erfitt fyrir að sinna lýðræðislegum skyldum sínum. Það fái ekki þann tíma sem það þarf til þess að sérhæfa sig eða koma sér vel inn í mál. Þetta grefur undan aðhaldshlutverki fjölmiðla og gerir fjölmiðlafólki erfiðara fyrir að gegna því hlutverki sem ætlast er til af þeim (RNA, 2010, bls. 267). Þetta rímar vissulega við þá þróun sem á sér stað í Evrópu og vestanhafs í Bandaríkjunum. Fjölmargar evrópskar rannsóknir hafa leitt það í ljós að samþjöppun á eignarhaldi, markaðsvæðing og aukin samkeppni hafa komið niður á vandaðri fréttamennsku (Gardner, Csikszentmihalyi og Damon, 2001; Preston, 2009).

Í Rannsóknarskýrslu Alþingis segir að þróunin sé sú sama hjá flestum fjölmiðlum, áherslan á fréttir sem almannaþjónusta fer æ minnkandi en um leið eykst áherslan á fréttir sem söluvöru (RNA, 2010, bls. 266). Það þarf þó auðvitað ekki að vera slæmt að fólk kaupi fréttir, það getur þýtt aukin gæði á þeim fréttum sem eru keyptar. Það þarf t.d. að borga fyrir fréttatímarit eins og *The Economist* og á Íslandi rukkar *Stundin* fyrir aðgang að fréttum sínum. Það þarf alltaf einhver að borga fyrir fréttirnar og er það endilega slæmt að almenningur geri það eða a.m.k. taki þátt í því? Þó getur það líka haft neikvæð áhrif að fréttir séu orðnar að söluvöru. Fjölmiðlar miða að því að ná sem flestum áhorfendum eða lesendum og áherslan á skemmtifréttir er orðin meiri. Mál sem taka mikinn tíma fá að víkja fyrir einhverju sem er mun

---

<sup>12</sup> En slíkt kemur fram annars vegar í MA-ritgerð Friðriks Þórs Guðmundarsonar (2006), er ber heitið *Vinnubrögð, siðareglur og vandamál blaða- og fréttamanna*, og hins vegar MA-ritgerð Katrínar Pálsdóttur (2006) er ber heitið *Fjórða valdið*.

léttara í fasi. Fjölmiðlafyrirtæki vilja sjá hagnað, krefjast niðurskurðar á útgjöldum, leggja áherslu á meiri framleiðni og þar af leiðandi meiri tekjur. Þeir sem stjórna fréttastofum verða við þessum kröfum og fara þær leiðir sem þeir þurfa til þess að ná þeim fram, t.d. með því að reka fjölmiðlafólk, gefa fjölmiðlafólki minni vinnslutíma á hverja frétt, og með því að flytja fréttir sem falla auglýsendum vel í geð og seljast vel – frekar en fréttir sem varða almannahagsmuni. Þessi þróun getur komið sér mjög illa fyrir rannsóknarblaðamennsku (RNA, 2010, bls. 266).

Í erlendum rannsóknum kemur fram, að það sé útbreitt viðhorf meðal fjölmiðlafólks að vinnubrögð þeirra og dagleg störf séu í auknum mæli sniðin að ráðandi hugmyndafræði viðskipta og stjórnunar sem fylgir oft peningaöflunum – og það á kostnað faglegra vinnubragða (Preston, 2009). Fyrir fjölmiðla og fjölmiðlafólk er þessi þróun ekki góð sökum þess að þegar gagnrýnum og alvarlegum fréttum fækkar byrjar fólk að hafa minni áhuga og skilning á þeim. Svo þegar flytja á gagnrýnar og alvarlegar fréttir eru þær gerðar æsilegar og skemmtilegar, sökum þess að fólk finnst þær leiðinlegar – hér hefur verið skapaður vítahringur (RNA, 2010, bls. 266 – 267). Það sem e.t.v. gæti gerst í kjölfarið er, af því að áhugi almennings á vönduðum fréttaskýringum minnkar, getur það haft mikil áhrif á fjölda vandaðra fréttaskýringa. Það virðist nefnilega vera þannig að almenningur og þjóðfélagsumræðan sé stór áhrifavaldur í sjálfsritskoðun fjölmiðlafólks.

Í áðurnefndri grein Birgis Guðmundssonar, um sjálfsritskoðun íslensks fjölmiðlafólks, kemur fram að ytri sjálfsritskoðun skiptist í tvo þætti. Eitt þemað er hið hefðbundna eigendavald og vald yfirmanna. Viðmælendur í grein Birgis sögðu slíkt ennþá til staðar en það væri ekki eins yfirþyrmandi og það var fyrir hrún, og alls ekki helsti áhrifavaldur sjálfsritskoðunar fjölmiðlafólks. Hinn þátturinn er þjóðfélagsumræða og það fjölmiðlafólk sem Birgir ræddi við telur að þjóðfélagsumræðan hafi mun meiri áhrif á sjálfsritskoðun fjölmiðlafólks heldur en nokkuð annað. Birgir segir þjóðfélagsumræðuna vera hinn nýja skuggaritstjóra<sup>13</sup>. Þetta hefur bæði neikvæða og jákvæða hluti í för með sér. Það er jákvætt að fjölmiðlafólk taki tillit til þess sem sagt er í samfélaginu, þannig þjónar fjölmiðlafólk hagsmunum almennings. Samt sem áður er það svo að umræðan kallar endilega ekki alltaf á það sem almenningur þarf að vita til þess að vera vel upplýstur. Þannig flytur fjölmiðlafólk frekar fréttir af því sem almenningur vill heyra frekar en fréttir af einhverju sem það þarf að heyra, þ.e. einhverju sem varðar almannahagsmuni

---

<sup>13</sup> Þegar Birgir talar um nýjan skuggaritstjóra þá virðist hann vera að meina að fyrir hrún hafi sjálfsritskoðun fjölmiðlafólks tíðkast, að mestu, fyrir tilstilli eigenda, yfirmanna eða ákveðna hagsmunahópa en nú, eftir hrún, er þjóðfélagsumræðan stærsta ástæðan fyrir sjálfsritskoðun fjölmiðlafólks.

(Bergsteinn Sigurðsson, 2015; Birgir Guðmundsson, 2015; Hjálmar Friðriksson, 2015). Almennigur hefur nefnilega ekki alltaf áhuga á gagnrýnum fréttum sem varða almannahagsmuni, en af hverju?

Gagnrýnar fréttir er varða almannahagsmuni þurfa ekki að vera leiðinlegar, kannski er það framsetningin á þeim sem fólki finnst ekki aðlandi. Almennigur veigrar sér e.t.v. við að þurfa að lesa eða hlusta á langar og flóknar fréttaskýringar. Jafnvel mætti segja að fréttaskýringarþættir með gamansömu ívafi og/eða snarpri umfjöllun séu einhverskonar viðbragð við þessu vandamáli, en er sú þróun endilega góð? Er upplýsingamiðlunin jafngóð í þessum fréttaskýringarþáttum og hún væri annars í langri og flókinni fréttaskýringu? Kannski að vandinn hér snúist fyrst og fremst um það með hvaða hætti fjölmiðlar eiga að koma upplýsingum til skila til almennings. Eiga þeir að gera það í gegnum langar og ítarlegar fréttaskýringar, sem e.t.v. fáir nenna að lesa, horfa eða hlusta á? Eða eiga þeir að setja fram snarpa og/eða gamansama umfjöllun í formi fréttaskýringaþátts sem jafnvel fleiri nenna að horfa eða hlusta á. Kannski er best að gera bæði, þannig ná fjölmiðlar sennilega til flestra, en til þess þarf fjölmiðlaumhverfið að vera mjög fjölbreytt.

Spyrja mætti hvort það sé endilega á ábyrgð fjölmiðlanna sjálfra að ná athygli almennings? Hversu langt eiga fjölmiðlar að ganga til þess að sníða fréttáflutning sinn að eftirspurn almennings? Geta fjölmiðlar gert eitthvað í því ef almennigur hefur ekki áhuga á þeim fréttum sem þeir flytja? Hér er spurningin um traust almennings á fjölmiðlum líka mikilvæg. Í könnun frá árinu 2014, sem tekin var af MRR, sögðust 71% þeirra sem svöruðu bera mikið traust til fréttastofu RÚV og 64,5% sögðust bera mikið traust til vefsíðu RÚV. En allir aðrir fjölmiðlar<sup>14</sup> sem spurt var um nutu minna en 50% trausts aðspurðra. Í könnuninni var ljóst að traust á fjölmiðlum hafði minnkað síðan árið 2013 (MMR, 2014). Ef til vill er áhugi eða áhugaleysi almennings á ákveðnum tegundum fréttu eitthvað sem mætti skoða og rannsaka betur og það sama á við um traust almennings á fjölmiðlum.

Þegar rætt er um sjálfstæði fjölmiðla er starfsumhverfi og vinnubrögð fjölmiðlafólks vissulega mikilvægir þættir en það eru líka aðrir þættir sem skipta miklu máli og vega jafnvel þyngra, þ. á m. eignarhald á fjölmiðlum.

---

<sup>14</sup> Mbl.is, Fréttastofa Stöðvar 2, Morgunblaðið, Fréttablaðið, Vísir.is, Kjarninn.is, Viðskiptablaðið, Fréttatíminn, DV, Vb.is, Pressan og Eyjan.is.

## 3.2. Eignarhald á fjölmiðlum

Í skýrslu nefndar menntamálaráðherra frá árinu 2005 um íslenska fjölmiðla segir að samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlamarkaði sé að aukast á heimsvísu. Nefndin skoðaði íslenskan fjölmiðlamarkað sérstaklega. Íslenskur fjölmiðlamarkaður býr yfir nokkurri sérstöðu sökum þess hversu smár hann er. Í skýrslunni segir að fjölmiðlafyrirtæki hér á landi hafi í langan tíma átt í fjárhagslegum erfiðleikum en það er verulega kostnaðarsamt að halda úti öflugum fjölmiðli sem á að sinna almannahagsmunum. Þær reglur sem settar eru um eignarhald á fjölmiðlum verða því að taka mið af þeim sérstöku aðstæðum sem eru á íslenskum fjölmiðlamarkaði (MRN, 2005, bls. 16).

Nefndin segir að það þurfi að gefa íslenskum fjölmiðlafyrirtækjum „ákveðið svigrúm til þess að stækka, eflast og þróast í síbreytilegu fjölmiðlaumhverfi.“ Reynslan sýni að það er ekki auðvelt að halda úti mörgum litlum fjölmiðlum í litlu samfélagi eins og því íslenska. Íslensk fjölmiðlafyrirtæki þyrftu að fá, innan ákveðins ramma, að nýta hagkvæmni stærðar markaðsins en samt sem áður án þess að það komi illa við fjölbreytni og fjölræði á fjölmiðlamarkaðinum (MRN, 2005, bls. 16). Ef til vill er hægt að segja að íslenskt markaðsfyrirkomulag kalli á samþjöppun íslenskra fjölmiðla upp að einhverju marki. En hvaða áhrif hefur samþjöppun eignarhalds á sjálfstæði íslenskra fjölmiðla og hæfni þeirra til að gegna lýðræðislegum hlutverkum sínum? Hægt er að færa sannfærandi rök bæði með og á móti samþjöppun á eignarhaldi fjölmiðla:

Samþjöppun getur verið góð að því leyti að fyrirtæki geta náð fram stærðarhagkvæmni (e. *scale economies*) í rekstri sínum og til þess að ná þeirri stærðarhagkvæmni þá gætu fyrirtæki þurft að vinna saman eða sameinast öðrum fyrirtækjum. Það er auðveldara fyrir stór fyrirtæki að koma inn á markað. Tækninýjungar geta leitt til samþjöppunar en þær eru oft dýrar og því er erfiðara fyrir smærri aðila á markaði að nálgast þær. Fjölmiðlar verða að geta boðið upp á sömu tækninýjungar og önnur fyrirtæki í kringum þá, almenningur gerir einfaldlega þá kröfu. Á litlum mörkuðum er oft fjárhagslega erfitt að reka mjög góðan fjölmiðil, þar auðveldar samþjöppun fyrir. Fjölmiðlar sem eru stórar og öflugar stofnanir geta haldið betur í sjálfstæði sitt gagnvart mismunandi hagsmunaöflum, hvort sem þeir hagsmunir varða stjórnsmál, menningu eða fjárhag (Meier og Trappel, 1998, bls. 44 – 45).

Þetta er þó ekki öll sagan því færa má sterk rök gegn samþjöppun á fjölmiðlamarkaði. Ein möguleg afleiðing samþjöppunar gæti t.a.m. verið að upplýsingar frá fjölmiðlum verða einsleitari einfaldlega sökum þess að fjölmiðlafyrirtækjum fækkar. Sé fjölmiðill á markaði með

ráðandi markaðsstöðu gæti hann, í krafti stærðar sinnar, bolað öðrum fjölmiðlum af markaði. Þess vegnar getur það verið erfitt fyrir nýja fjölmiðla að komast inn á markað þar sem mikil samþjöppun á eignarhaldi er fyrir. Ef samkeppni ríkir á markaði getur hún aukið sjálfstæði ritstjóra og minnkað áhrif mismunandi hagsmunaaðila, eins og t.d. stjórnvalda og stjórnmalamanna (Meier og Trappel, 1998, bls. 45 – 46). En efast má um þetta, þó að mörg fyrirtæki séu á markaði og lítil samþjöppun á eignarhaldi þarf það alls ekki að þýða að áhrif hagsmunaaðila minnki. Til dæmis ættu lítil og veikburða fjölmiðlafyrirtæki e.t.v. erfiðara með að verjast þrýstingi frá hagsmunaaðilum frekar en stór og sterk fjölmiðlafyrirtæki. Að öllum líkindum skiptir sjálfstæði fjölmiðla meiri máli og þar kemur meira til en samþjöppun og samkeppni á fjölmiðlamarkaði.

Samþjöppun eignarhalds virðist að einhverju leyti óhjákvæmileg á litlum markaði eins og á Íslandi. Samt sem áður má samþjöppunin ekki verða of mikil, sökum þess að þá getur hún orðið skaðleg. Það er erfitt að segja til um hvenær samþjöppun er orðin of mikil og hvenær hún er orðin skaðleg. Hvað sem því líður er ljóst að þetta er mikilvæg spurning sem ekki er hægt að forðast. Hér þarf hugsanlega að rannsaka hver áhrif samþjöppunar eignarhalds sé á lýðræðislega umræðu og hæfni fjölmiðla til þess að gegna lýðræðislegu hlutverki sínu. Til þess að hægt sé að gera það getur verið hjálplegt að setja fram greiningarramma eða lista yfir atriði sem skipta máli þegar greina á hvenær samþjöppun eignarhalds er orðin skaðleg lýðræðinu, þ.e.a.s. hvenær samþjöppun er byrjuð að hafa neikvæð áhrif á hæfni fjölmiðla til þess að halda opinberri umræðu upplýstri, stuðla að lýðræðislegri umræðu, og veita valdamiklum aðilum og stofnunum eða stjórnvöldum aðhald. Þessi atriði eru:

- Brotakennd lagasetning um eignarhald á fjölmiðlum.
- Skortur á gagnsæi varðandi eignarhald á fjölmiðlum.
- Skortur á rannsóknum varðandi eignarhald á fjölmiðlum.

Ef litið er á íslenska fjölmiðlalöggjöf sést að íslensk stjórnvöld hafa, í meira en áratug, reynt að breyta henni á ýmsa vegu. Nefnd á vegum menntamálaráðherra frá árinu 2004 sagði æskilegt að löggjafinn brygðist við með lagasetningu og setti reglur sem miðuðu að því að „hamla gegn óæskilegum áhrifum samþjöppunar sem þegar er til staðar á fjölmiðlamarkaði.“ Yrði lagasetning að veruleika væri líka verið að „hamla frekari samþjöppun á þessum markaði í framtíðinni.“ Nefndin tók fram að þetta ætti sérstaklega við samþjöppun á markaði fyrir fjölmiðla sem eru einkareknir. Einnig kom fram að ýmis einkenni væru á samþjöppum eignarhalds á íslenskum fjölmiðlamarkaði sem eru ekki talin æskileg út frá markmiðum um



fjölbreytni í fjölmiðlun. (MRN, o.fl., 2004, bls. 82). Nefnd á vegum menntamálaráðherra frá árinu 2005, ræddi jafnframt „að setja þurfi eignarhaldi á fjölmiðlum ákveðin mörk þegar sýnt er að fjölmiðillinn sé kominn með ákveðið dagskrárvald í samfélaginu.“ Í niðurstöðum sínum tók nefndin samt sem áður fram að „mikið álitamál hver hæfileg mörk eru í því sambandi og mikilvægt að gæta þar meðalhófs þannig að fyrirtækjum í fjölmiðlarekstri verði ekki gert erfitt að fjármagna sig“ (MNR, 2005, bls. 198). Þessi spurning er einmitt ein sú mikilvægasta þegar kemur að eignarhaldi fjölmiðla. Hvar liggja þessi hæfilegu mörk?

Árið 2011 lagði nefnd á vegum mennta- og menningarmálaráðherra fram tillögu<sup>15</sup> um að taka upp lagaákvæði sem hefðu það að markmiði að koma í veg fyrir samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlum. Nefndin tók fram að þörf væri á því að setja matskenndar reglur sem gerðu stjórnvöldum kleift að grípa inn í „óheppilega samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlum“, þ.e.a.s. ef samþjöppunin á eignarhaldi myndi vinna gegn markmiðum um fjölræði og fjölbreytni meðal fjölmiðla (MRN, 2011). Formaður nefndarinnar, Karl Axelsson, lögmaður, sagði í viðtali við RÚV að það væri of mikil samþjöppun á íslenskum fjölmiðlamarkaði og hún hefði verið um nokkuð langt skeið. Jafnframt sagði Karl að tryggja þyrfti aukið gagnsæi varðandi eignarhald á fjölmiðlum, ríkari fjölbreytni og fjölræði á meðal fjölmiðla, sterkara ritstjórnarlegt sjálfstæði og aðra þætti sem gera fjölmiðlum kleift að sinna lýðræðislegu hlutverki sínu (RÚV, 2011). Árið 2013 gerði Alþingi breytingar á lögum um fjölmiðla þar sem miðað var að því að auka gagnsæi varðandi eignarhald á fjölmiðlum, og styrkja sjálfstæði ritstjórna og fjölmiðlafólks (Óbirt þingskjal, 1381, 2012 – 2013). En báru þær aðgerðir árangur?

Í skýrslu frá apríl árið 2013 leggur lýðræðis- og mannréttindaskrifstofa Öryggis- og Samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE)<sup>16</sup> fram mat á íslensku fjölmiðlaumhverfi. Skýrsluhöfundar segja íslenskt fjölmiðlaumhverfi vera fjölbreytt, það stuðli að ríku tjáningarfrelsi og að almenningur geti kynnt sér margar og ólíkar skoðanir. Þeir benda þó á að íslensk stjórnvöld mættu gera betur í því að taka á samþjöppun á eignarhaldi fjölmiðla en slíkt áttu ný lög um fjölmiðla einmitt að gera. Bent er á að innleiða þurfi reglur um hagsmunaárekstra og samkeppni á markaði. Einnig mætti innleiða reglur sem hefðu það að markmiði að setja skorður á það hversu „mikil áhrif einstaklingur, fyrirtæki eða félag getur haft á eitt eða fleiri svið fjölmiðla“ og um leið væri hægt að tryggja nægilega marga fjölbreytta fjölmiðla. Sumir viðmælendur skýrsluhöfunda segja að fréttáflutningur á Íslandi eftir hrunið árið 2008 hafi versnað, sökum þess að reyndu starfsfólki hafi fækkað (ÖSE, 2013, bls. 1 og 12). ÖSE bendir á verulega galla

<sup>15</sup> Tillögu nefndarinnar má sjá í heild sinni [hér](#).

<sup>16</sup> Office for Democratic Institutions and Human Rights (ODIHR).

í lagasetningu íslenskra stjórnvalda um fjölmiðla og jafnframt aðgerðaleyfi íslenskra stjórnvalda í þessum málum. Íslensk stjórnvöld þyrftu að herja betur á samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlamarkaði, reglur um samkeppni og hagsmunaárekstra þyrfti að bæta. Enn virtist sjálfstæði fjölmiðla ekki vera tryggt og ljóst er að hlúa þyrfti betur að fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. Í viðtali frá árinu 2013 tók Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra í sama streng og sagði að samþjöppun eignarhalds á íslenskum fjölmiðlum væri vandamál sem mikilvægt væri að koma í veg fyrir. Illugi sagði jafnframt mikilvægt að stjórnvöld létu sig þessi mál varða (Vísir.is, 2013). Næst verður tekið fyrir gagnsæi varðandi eignarhald á íslenskum fjölmiðlum.

Þegar viðskipti á fjölmiðlamarkaði eiga sér stað er yfirleitt ekki farið í að fjalla um hvaða áhrif slík viðskipti geti haft. Fjölmiðlafólkið sjálft verður auðvitað fyrir áhrifum þegar slík viðskipti eiga sér stað og segja því ekki frá málinu vegna sjálfsritskoðunar. Þeir sem eiga fjölmiðlana eru oft umhugað að tala upp kosti samþjöppunar á markaðinum en að sama skapi eru stjórnsýslustofnanir ekki nógu duglegar við að benda á þá hættu sem samþjöppunin getur haft í för með sér (Meier og Trappel, 1998, bls. 38 – 60; MRN, 2005, bls. 18 – 19). Í Rannsóknarskýrslu Alþingis kemur fram að fyrir hrun hafi sum fjölmiðlafyrirtæki og stór fjármálafyrirtæki verið í eigu sömu aðilanna. Sökum þess ætti að gera skylt að upplýsa hverjir séu eigendur fjölmiðla á hverjum tíma svo almenningur geti vitað hverjir eigi fjölmiðla og lagt mat á hvort þar sé verið að framfylgja sjónarmiðum eigenda (RNA, 2010, 210 – 2011). Til dæmis eiga útgerðarfélög og aðilar tengdir þeim nærri 96% af hlutafé Morgunblaðsins og hugsanlega telur einhver það hafa áhrif þegar litið er til ristjórnarstefnu blaðsins (Ingi Freyr Vilhjálmsson, 2015). Fyrir almenning er mikilvægt að vita um eignarhald á fjölmiðlum svo að hann geti t.a.m. tekið mið af því þegar lesnar eru fréttir í Morgunblaðinu. Það þarf ekki að vera að eignarhald Morgunblaðsins hafi vægi þegar fjölmiðlafólk Morgunblaðsins skrifar fréttir en það skiptir samt ekki höfuðmáli því það er ekki eigenda Morgunblaðsins eða starfsfólks þess að dæma um það hvort eignarhald blaðsins hafi áhrif á fréttáflutning þess. Það á að vera í höndum almennings og til þess þarf almenningur að hafa til grundvallar upplýsingar um eignarhald á Morgunblaðinu.

Árið 2013 brugðust stjórnvöld við þessu með breytingum á lögum um fjölmiðla en í þeim kveður á um að skrá eigi eignarhald fjölmiðla. Lögin um fjölmiðla kveða á um að það sé skylt að veita fjölmiðlanefnd öll gögn og upplýsingar svo hægt sé að rekja eignarhald á fjölmiðlum og/eða yfirráð yfir fjölmiðlum. Fjölmiðlanefnd hefur heimild til þess, hvenær sem er, að krefjast þess að upplýsingar um eignarhald skuli veittar (Óbirt þingskjal, 1381, 2012 – 2013). En

hvernig hefur þetta gengið eftir? Á vef fjölmiðlanefndar má finna lista<sup>17</sup> yfir skráningu eignarhalds á fjölmiðlum. Það virðist vera að flest íslensk fjölmiðlafyrirtæki skrái eignarhald sitt skýrt og greinilega. Á þessu eru þó undantekningar. Sem dæmi má nefna að breytingar á eignarhaldi 365 Miðla áttu sér stað á gamlársdag árið 2015. Þær breytingar hafa ekki enn verið skráðar hjá fjölmiðlanefnd en samkvæmt lögum um fjölmiðla ber fjölmiðlafyrirtækjum skylda til þess að tilkynna fjölmiðlanefnd um allar breytingar sem verða á högum þess (Fjölmiðlanefnd, e.d. a; Þórður Snær Júlísson og Sunna Valgerðardóttir, 2016). Annað dæmi sem mætti nefna snýr að eignarhaldi DV. Á vefsíðu fjölmiðlanefndar segir að Gagnsæi ehf. eigi u.þ.b. 5% hlut í DV en eigandi Gagnsæi ehf. er skráður Arev hf. Á vefsíðu fjölmiðlanefndar kemur ekki fram hver er skráður eigandi Arev hf. (Fjölmiðlanefnd, e.d. b). Í hlaðvarpsþættinum Tæknivarpið, sem finna má í hlaðvarpi Kjarnans, segir Þórður Snær Júlísson, ristjóri Kjarnans, að fjölmiðlanefnd þyrfti að ganga harðar á eftir upplýsingum um eignarhald á fjölmiðlum (Gunnlaugur Reynir Sverrisson, 2016). Í lok þessa kafla verður litið á rannsóknir er tengjast eignarhaldi á íslenskum fjölmiðlum.

Skortur á rannsóknum um samþjöppun á fjölmiðlamarkaði og áhrif hennar á fjölmiðla gæti stafað af því að það er hægt að nálgast samþjöppun út frá tveimur ólíkum sjónarhonum. Annars vegar út frá samkeppni eða út frá hagfræðilegu sjónarmiði og hins vegar út frá samfélaginu eða út frá félagsfræðilegum, sjónmálafræðilegum og/eða hugvísindalegum sjónarmiðum. Innan félagsfræðinnar og hugvísinda er horft á samþjöppun á eignarhaldi fjölmiðla út frá því hvernig hún hefur áhrif á hæfni fjölmiðla til þess að móta opinbera umræðu í fjölbreyttu lýðræðisþjóðfélagi. Fjölmiðlarannsóknir innan félagsfræðinnar eða hugvísinda miða að því að kanna áhrif eignarhalds á frelsi fjölmiðla og ritstjórnarlegt sjálfstæði. Samþjöppun eignarhalds er þannig skoðuð með almannahagsmuni í huga en ekki samkeppni. Í þeim rannsóknum sem eru framkvæmdar innan hagfræðinnar fer meira fyrir samkeppnissjónarmiði og hvaða áhrif samþjöppun eignarhalds hefur á samkeppni á milli fjölmiðlafyrirtækja (Meier og Trappel, 1998, bls. 38 – 60; MRN, 2005, bls. 18 – 19). En hvernig er þessum málum háttað á íslenskum fjölmiðlamarkaði?

Í janúar árið 2016 sendi varaþingmaðurinn Heiða Kristín Helgadóttir fyrirspurn til Illuga Gunnarssonar þar sem hún spyr Illuga í fyrsta lagi „hvort ráðherra eða ráðuneyti hans hafi skoðað möguleika á því að veita fjölmiðlum styrki eða niðurgreiðslur til að tryggja fjölbreytileika og koma í veg fyrir samþjöppun á fjölmiðlamarkaði, líkt og gert er víða í Evrópu, m.a. í ríkjum annars staðar á Norðurlöndum?“ og í öðru lagi „hver [sé] skoðun ráðherra á slíkum

---

<sup>17</sup> [Hér](#) má finna listann.

niðurgreiðslum eða styrkjum til handa fjölmiðlum?“ (Óbirt þingskjal, 419, 2015 – 2016). Við fyrri spurningunni um styrki eða niðurgreiðslur svaraði Illugi því til að engir slíkir styrkir eða slíkar niðurgreiðslur hafa verið veittir/veittar. Illugi sagði að mennta- og menningarmálaráðuneytinu sé vissulega „kunnugt um fyrirkomulag fjölmiðlasjóða annars staðar á Norðurlöndum en ekki hefur verið tekin afstaða til þess hvort slíkt fyrirkomulag kæmi til greina hér á landi.“ Illugi sagði jafnframt að ráðuneytið hefði ekki fjármagn í slík verkefni. Hvað varðar seinni fyrirspurn Heiðu Kristínar um skoðun Illuga á slíkum styrkjum eða niðurgreiðslum, sagði Illugi að ekki væri hægt að útiloka slíka möguleika sökum þess hve mikilvægu hlutverki fjölmiðlar gegna í lýðræðisríkjum. Illugi sagði þó að „áður en til einhverra aðgerða er gripið þurfa að liggja fyrir ítarlegar rannsóknir og greiningar á rekstrarumhverfi fjölmiðla hér á landi og jafnvel einnig á fjölmiðlaumhverfinu almennt til að byggja ákvarðanir á“ (Óbirt þingskjal, 721, 2015 – 2016). Samkvæmt Illuga Gunnarssyni, mennta- og menningarmálaráðherra, er alfarið skortur á rannsóknum er varðar íslenska fjölmiðla og á meðan þessi skortur er viðvarandi þá útilokar Illugi að ríkið verji meiri fjármunum til fjölmiðla. Í framhaldinu mætti spyrja af hverju mennta- og menningarmálaráðuneytið ráðist þá ekki í rannsóknir á íslensku fjölmiðlaumhverfi?

Margt hefur breyst til hins betra í íslensku fjölmiðlaumhverfi frá því fyrir hrún en sömuleiðist er ljóst að margt þarf að bæta svo að fjölmiðlar geti sinnt því mikilvæga lýðræðishlutverki sem þeir eiga að gegna með fullnægjandi hætti. Ábyrgð fjölmiðla er mikil þegar kemur að því að halda opinberri umræðu upplýstri en bera þeir einir þá ábyrgð? Í Rannsóknarskýrslu Alþingis (RNA, 2010) er tekið fram að það sé mjög mikilvægt að háskólaþólk (e. *academics*) taki þátt í opinberri umræðu, en um það verður rætt í næsta kafla.

## 4. HÁSKÓLAFÓLK

---

### 4.1. Háskólafólk, samfélagsleg ábyrgð og akademískt frelsi

Samkvæmt íslenskri orðabók þýðir orðið háskólamaður (e. *academic*) annað hvort starfsmaður háskóla eða háskólagenginn maður (Íslensk orðabók, 2002, bls. 549). Hugtakið er því, samkvæmt þessari skilgreiningu, mjög vítt. Þó er vart hægt að flokka allt fólk sem vinnur í háskólum, t.d. við stoðþjónustu, sem háskólafólk. Bandaríski fræðimaðurinn Alan Lightmann (f. 1948 – ) bendir á að háskólafólk getur haft gífurleg völd þegar kemur að því að móta skoðanir almennings og að, háskólafólk ætti að umgangast það vald af virðingu og ávallt tjá sig með almannahagsmuni í huga. Þegar háskólafólk tjáir sig opinberlega ætti það að vera meðvitað um mörk eigin þekkingar, gæta þess að vera hlutlægt og sanngjarnt, sem og að vera meðvitað um að orð þeirra geti haft afleiðingar (Lightman, 2000). Heimspekingurinn Vilhjálmur Árnason (f. 1953 – ) tekur í sama streng og segir að gera verði þá kröfu til háskólafólks að framlag þeirra til opinberrar umræðu sé vandað. Hann segir að fræðimenn eigi að setja fordæmi hvað varðar að temja sér „málefnalega framsetningu og rökræðusiði.“ Vilhjálmur segir jafnframt að í málefnalegri umræðu eigi að upplýsa málefnið sem er til umræðu og „lúta þeim rökum sem því hæfa.“ Háskólafólk á ekki að koma að málefninu með fyrirfram ákveðnar skoðanir „sem reynt er að verja til að tryggja völd eða áhrif“ (Vilhjálmur Árnason, 2009, bls. 30).

Vilhjálmur bendir á mikilvægi þess að háskólafólk tileinki sér gagnrýna hugsun, enda sé hún órjúfanlegur hluti málefnalegrar umræðu. Vilhjálmur segir að hún feli í sér þrennt, í fyrsta lagi að háskólafólk setji ekki fram staðhæfingu án þess að hafa haldbær rök fyrir henni og sé tilbúið að endurskoða afstöðu sína komi sterkari rök í ljós. Í öðru lagi að háskólafólk sé hugrakkt og hugsí sjálfstætt þegar það stendur andspænis viðteknum sannindum og þrýstingi frá umhverfinu um að tileinka sér, eða þá taka undir, ákveðna afstöðu. Í þriðja lagi að háskólafólk sýni viðleitni „til þess að afhjúpa hvers konar þætti sem skrumskæla samfélagsumræðu, myrkva orðræðuna og dylja mikilvægar röksemdir eða staðreyndir“ (Vilhjálmur Árnason, 2009, bls. 31).

Heimspekingurinn Jón Ólafsson (f. 1964 – ) segir að háskólafólk þurfi að hafa í huga að vægi sérfræðiþekkingar geti „ráðist af því hvernig hún er sett fram.“ Háskólafólk megi ekki líta svo á að staða þekkingar þeirra sé ráðin áður hún er lögð fram og að háskólafólk geti ekki krafist þess að það sé hlustað á það einungis vegna stöðu þeirra. Jón segir að þannig sé staða háskólafólks eins og hvers annars almenns borgara. Háskólafólk getur aðeins búið við því að framlag þeirra sé tekið til greina komi það þekkingu sinni „þannig á framfæri að viðtakendur

geti skilið athugasemdir“ þeirra og þyki þær hafa meira vægi en fullyrðingar annarra. Jón segir að stundum geti háskólafólk „bent á atriði sem leikmenn koma ekki auga á“ og þannig getur háskólafólk haft mjög mikilvæg áhrif á opinbera umræðu. Háskólafólk verður samt sem áður að búast við því að framlag þeirra til opinberrar umræðu „sé metið á sömu forsendum og annarra sem taka þátt í umræðu“ (Jón Ólafsson, 2011, bls. 28). En til hvers ætti háskólafólk að taka þátt í opinberri umræðu? Vilhjálmur Árnason segir að það sé flókið fyrir borgara að mynda sér upplýstar skoðanir. Í samfélagi sérhæfingarinnar sé það stundum einungis háskólafólk sem býr „yfir þekkingu sem er nauðsynleg til þess að greina málefni, setja þau í skiljanlegt samhengi og afhjúpa áróðurskenndan málflutning“ (Vilhjálmur Árnason, 2009, bls. 29). Hér virðast Jón og Vilhjálmur, að einhverju leyti, vera ósammála um það hvernig meta eigi innlegg háskólafólks til opinberrar umræðu. Samt sem áður eru þeir sammála um það að innlegg háskólafólks í opinbera umræðu geti verið mjög mikilvæg.

Upplýsingahlutverk háskólafólks er mjög mikilvægt, sérstaklega í löndum eins og Íslandi, þar sem fjölmiðlar virðast ekki standa sterkum fótum (Vilhjálmur Árnason, 2009, bls. 29). Í Rannsóknarskýrslu Alþingis segir að fyrir hrun hafi fjölmiðlar eða fjölmiðlafólk engan veginn verið undirbúnir fyrir þann mikla vaxtarkipp sem fjármálageirinn tók. Hægt og rólega byrjaði fjármálageirinn að hafa nánari og vinalegri samskipti við fjölmiðla og fjölmiðlafólk. Upplýsingafulltrúar hjá fjármálafyrirtækjunum gáfu fjölmiðlum jafnvel skakka mynd af því sem var að gerast. Sökum þess þurfti fjölmiðlafólk að geta leitað til háskólafólks við greiningu og túlkun upplýsinga (RNA, 2010, bls. 210 – 211). Háskólafólk ætti að taka þátt í opinberri umræðu sökum þess að það er hlutverk þeirra að halda henni upplýstri. Háskólafólk ætti að útskýra hluti er varða almannahagsmuni og hluti sem almenningur og fjölmiðlar þarfnast betri skilning á. Þannig ætti háskólafólk að virka sem einskonar aðhald fyrir valdamikla einstaklinga eða stofnanir í samfélaginu, þar á meðal stjórnvöld (RNA, 2010; Vilhjálmur Árnason, 2009).

Franski heimspekingurinn Michel Foucault (f. 1926 – d. 1984) bendir á svipaða hluti og segir að fyrr á tíðum hafi hlutverk háskólafólks falist í því að koma fram á opinberum vettvangi til þess greina almenna strauða innan samfélagsins en nú sé e.t.v. þörf á því að háskólafólk rýni í hluti sem eru sérstakir og sérhæfðir. Hér er átt við hluti sem eru huldur almenningi eða hluti sem almenningur getur e.t.v. ekki skilið án útskýringa. Slíkar útskýringar geta verið mjög mikilvægar ef almenningur þarf nauðsynlega að skilja eitthvað sem varðar almannahagsmuni. Með þessu getur háskólafólk gegnt veigamiklu hlutverki í að draga fram þætti sem skrumskæla almenna umræðu og/eða standa lýðræðismenningunni fyrir þrífum. Foucault segir einnig að háskólafólk verið að axla þá ábyrgð að taka þátt í opinberri umræðu, hvort sem því líkar betur

eða verr (Foucault, 1984, bls. 72; Vilhjálmur Árnason, 2009, bls. 29). En er það svo? Þarf háskólafolk alltaf að taka þátt í opinberri umræðu?

Í einhverri mynd taka allir sjö háskólarnir<sup>18</sup> á Íslandi fram að mikilvægt sé að háskólafolk taki þátt í opinberri umræðu, hvort sem það er með því að tala við fjölmiðla um ákveðin álitamál, hafa rannsóknir sínar opnar fyrir almenningi<sup>19</sup> eða með einhverjum öðrum hætti<sup>20</sup>. Í lögum um íslenska háskóla nr. 63/2006 segir að hlutverk háskóla sé m.a. að miðla þekkingu til samfélagsins alls og að starf þeirra eigi að miða að því að styrkja innviði íslensk samfélags. Jón Torfi Jónasson (f. 1947 –), forseti menntavísindasviðs Háskóla Íslands, bendir á að háskólafolk hafi meira frelsi til þess að tjá sig en aðrir og þar með ríkari skyldu til þess. Jón Torfi er að öllum líkindum að vísa í að sökum sérþekkingar sinnar og vegna akademísku frelsis (e. academic freedom) beri háskólafolki ríkari skylda en öðrum borgurum að taka þátt í opinberri umræðu (Jón Torfi Jónasson, 2011, bls. 53). En hvað felst í akademísku frelsi háskólafolks?

Árið 2005 rituðu þáverandi rektorar allra háskóla á Íslandi undir yfirlýsingu er varðar akademískt frelsi. Með því að rita undir yfirlýsinguna skuldbundu rektorarnir háskólana til þess að standa vörð um akademískt frelsi. Í yfirlýsingunni segir að akademískt frelsi sé forsenda þess að háskólastarf þróist áfram. Samkvæmt yfirlýsingunni felur akademískt frelsi í sér að einstaklingar geti leitað þekkingar og tjáð sannfæringu sína án þess að eiga það á hættu að það bitni á starfsöryggi viðkomandi eða öðrum mikilvægum hagsmunum (Vísir.is, 2005). Í lögum um háskóla segir að háskólum sé „skylt að virða fræðilegt sjálfstæði starfsmanna sinna. Fræðilegt sjálfstæði starfsmanna felur í sér rétt þeirra til að fjalla um kennslugrein sína á þann hátt sem þeir telja skynsamlegt og í samræmi við fræðilegar kröfur.“ Einnig segir í lögnum að „viðfangsefni rannsókna og kennslu á einstökum fræðasviðum háskóla skulu vera óháð afskiptum þeirra sem eiga skólann eða leggja honum til fé.“

Innlegg háskólafolks í opinbera umræðu getur verið mikilvægt fyrir almenning og samfélagið í heild sinni. Háskólar og landslög gera ráð fyrir því að háskólafolk taki þátt í opinberri umræðu með því að hvetja háskólafolk til þess að gera svo, t.d. með stefnumótun eða með því að festa í sessi akademískt frelsi. Þó má, að sjálfsögðu, aldrei neyða háskólafolk til þess að taka þátt í opinberri umræðu, ekki frekar en aðra borgara í samfélaginu (Guðmundur

---

<sup>18</sup> Háskóli Íslands, Landbúnaðarháskóli Íslands, Háskólinn á Hólum, Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Bifröst og Listaháskóli Íslands.

<sup>19</sup> Nema í sérstökum tilvikum þar sem rannsóknir þurfa að vera lokaðar vegna viðkvæmra upplýsinga.

<sup>20</sup> Sjá í heimildaskrá: HA, 2012, bls. 10; HB, 2013; HÍ, e.d., bls. 21; HH, 2014; HR, e.d.; LBHÍ, e.d., bls. 16; LHÍ, e.d.

Heiðar Frímansson, 2012; Jón Torfi Jónasson, 2011). En er þátttaka háskólafélks í opinberri umræðu alltaf átakalaus og eru framlög þeirra alltaf vel þegin?

Jón Ólafsson bendir á ákveðið vandamál sem brýst fram þegar háskólafélk tekur þátt í opinberri umræðu en það er þegar viðhorf háskólafélks „eru umdeild og koma við kaunin á hagsmunaaðilum.“ Þegar háskólafélk tekur þátt í opinberri umræðu um umdeild mál „getur sérfræðiþekking þeirra kallað fram fjandsamleg viðbrögð.“ Í stað þess að sérfræðiþekking háskólafélks vekir traust er háskólafélk sakað um að nýta sér þekkingu sína í þágu ákveðinna viðhorfa eða hagsmuna. Jón segir að þátttaka háskólafélks í opinberri umræðu sé yfirleitt óumdeild innan háskólanna, háskólayfirvöld ættu að verja tjáningar- og þátttökufrelsi einstaklingsins en um leið að setja mörk og viðmið. Hér skapast ákveðin togstreita milli tjáningafrelsis háskólafélks annars vegar og marka vísindalegrar og fræðilegrar umræðu hins vegar (Jón Ólafsson, 2011, bls. 28 – 29). Þessi togstreita sem Jón minnst á dregur skýrt fram að reglur hjá háskólum og stjórnvöldum er varða tjáningarfrelsi háskólafélks og akademískt frelsi þeirra mættu hugsanlega vera skýrari. Þeir þættir sem hér hafa verið ræddir eru mikilvægir þegar rætt er um háskólafélk og opinbera umræðu en þetta er þó ekki öll sagan.

Þegar háskólafélk tekur þátt í opinberri umræðu þarf það að gera greinarmun á því hvenær það setur fram hugmyndir sínar sem fræðimenn, þ.e. byggir mál sitt á niðurstöðum rannsókna og fræðilegri ígrundun, og hvenær það talar út frá eigin skoðunum – sama hversu vel rökstuddar þær skoðanir kunna að vera. Einnig þarf háskólafélk að gera grein fyrir mögulegum hagsmunatengslum sínum varðandi umfjöllunarefnið sem e.t.v. kunna að hafa áhrif á framsetningu þeirra og trúverðugleika (Vilhjálmur Árnason, 2009, bls. 30). En, hefur íslenskt háskólafélk alltaf verið heiðarlegt við þátttöku sína í opinberri umræðu? Hefur íslenskt háskólafélk tekið þátt í opinberri umræðu þegar það hefði jafnvel átt að sleppa því? Einnig, eru aðrir þættir en einungis þeir sem snúa að háskólafélkinu sjálfu sem geta haft áhrif á þátttöku þess í opinberri umræðu? Til dæmis þrýstingur frá hagsmunaaðilum?

## 4.2. Svo bregðast krosstré sem önnur tré

Fyrr á tímum voru það trúarleg og pólitísk öfl sem herjuðu á vísindamenn og reyndu að hafa áhrif á rannsóknir þeirra sem og niðurstöður rannsókna þeirra. Nú á tímum hafa tengsl háskólastarfs og fjármálageirans orðið sterkari. Það er áhyggjuefni vegna þess að það gerir það erfiðara að segja til um hvort háskólafélk sé undir áhrifum hagsmunaafla eða ekki og tali út frá ákveðinni afstöðu sem kemur hagsmunaöflunum vel. Undir áhrifum hagsmunaafla á háskólafélk það ósjálfrátt til að laga hegðun sína að vilja þeirra án þess að þurfa að lúta valdaboði, hér er átt



við sjálfsritskoðun háskólafélags. Þó eru líka dæmi um það að háskólafélög sýni fram á þessa hegðun meðvitað (RNA, 2010, bls. 213; Vilhjálmur Árnason, 2009). Á útpensluárum íslenskra fjármálafyrirtækja stóðu fjölmiðlar oft frammi fyrir flóknum, nýjum og umfangsmiklum viðfangsefnum sem gat verið erfitt að ná utan um og átta sig á nema með aðstoð háskólafélags. Í Reykjavíkurbreffi Morgunblaðsins þann 30. ágúst frá árinu 2009 kemur fram að stundum stóð á því að háskólafélög vildi tjá sig við fjölmiðla. Ástæðurnar fyrir því voru ýmsar, sumir vildu ekki tjá sig af því að þeir voru í vinnu fyrir fjármálafyrirtækin og aðrir vegna þess að þeir voru hræddir við neikvæð viðbrögð og gagnrýni. Þannig var margt af því háskólafélagi sem tjáði sig um orsakir hrunsins eftir hrun, ekki reiðubúið að tjá sig um áhættufjárfestingar íslensku fjármálafyrirtækjanna þegar leitað var eftir því fyrir hrun (RNA, 2010, bls. 211).

Fyrir efnahgshrunið árið 2008 styrktu fjármálastofnanir og bankar ákveðna háskóla um hundruðir milljónir króna<sup>21</sup>. Fjárhæðirnar voru ekki endilega stór prósentu af heildartekjum háskólanna en þær voru góð vísbending um aukna markaðsvæðingu háskólasamfélagsins. Það getur verið áhyggjuefni vegna þess að, líkt og sumir hafa bent á, fer siðferði vísindaiðkunnar og fræðimennsku illa saman við þær venjur og siði sem ríkja í viðskiptum<sup>22</sup>. Í Rannsóknarskýrslu Alþingis eru t.d. færð rök fyrir því að ef háskólafélög hafi fjárhagslega hagsmuni af rannsóknum sínum geti það dregið úr heiðarleika þess (RNA, 2010, bls. 212 – 213). Skýrt dæmi um þetta er skýrsla þeirra Tryggva Þórs Herbertssonar, þáverandi forstöðumanns Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, og Frederic Mishkin, hagfræðiprófessors við Columbia-háskóla, sem kom út í maí árið 2006. Skýrslan fjallaði um fjárhagslegan stöðugleika á Íslandi og var gefin út á tíma sem þótti viðkvæmur fyrir íslenskt efnahgslíf en íslensku bankarnir höfðu fengið á sig mjög harða gagnrýni í skýrslum frá Fitch Ratings<sup>23</sup> og Danske Bank fyrr á árinu 2006. Þessi skýrsla Tryggva Þórs og Mishkin átti því að virka sem lítið annað en varnarræða fyrir íslensku bankana en ekki óhlutdræg og fræðileg rannsókn. Sést það best á þeim vinnubrögðum sem Tryggvi Þór og Mishkin tileinkuðu sér (RNA, 2010, bls. 214)

---

<sup>21</sup> Háskóli Íslands 121 milljón, Háskólinn í Reykjavík 197 milljónir, Háskólinn á Akureyri 36 milljónir og Háskólinn á Bifröst 10 milljónir.

<sup>22</sup> Máli sínu til stuðnings vísa höfundar Rannsóknarskýrslu Alþingis í grein Eyal Press og Jennifer Washburn: Háskólar á framfærslu fyrirtækja sem Magnús D. Baldursson þýddi og stytta. *Fréttbréf Háskóla Íslands*, 3. tbl. 22. árg, ágúst 2000.

<sup>23</sup> Fitch Ratings er alþjóðlegt matsfyrirtæki.

Tryggvi Þór sagði að við gerð skýrslunnar hafi hann og Mishkin ekki ráðist í sjálfstæða greiningu á stöðu bankana heldur skoðuðu þeir einungis matsskýrslu frá Moody's<sup>24</sup>, Fjármálaeftirlitinu og „eitthvað slíkt“<sup>25</sup>. Tryggvi Þór og Mishkin tóku gagnrýnislaust undir áhættumat fjármálaeftirlitisins á íslensku bönkunum og sögðu að sökum þess í hve háum gæðaflokki íslenskar ríkisstofnanir væru, væri mjög ólíklegt að alvarleg vandamál myndu steðja að íslenska bankakerfinu. Í skýrslunni komast höfundar að þeirri niðurstöðu að veikleikar sem nýlega höfðu kallað fram gjaldeyris- og fjármálakreppur í nýmarkaðsríkjum væru einfaldlega ekki til staðar á Íslandi (Mishkin og Tryggvi Þór, 2006, bls. 9 og 49). Í Rannsóknarskýrslu Alþingis segir að þetta megi nokkru leyti til sanns vegar færa en sé samt sem áður villandi þar eð Tryggvi Þór og Mishkin könnuðu ekki gæði útlána íslensku bankanna, enda höfðu þeir ekki aðgang að slíkum upplýsingum (RNA, 2010, bls. 214).

Lars Christensen, þáverandi yfirmaður greiningardeildar Danske Bank, taldi að Tryggvi og Mishkin hefðu ekki skrifað skýrsluna til gagns, þvert á móti hefðu þeir gefið í skyn að allt væri í stakasta lagi þegar það var það ekki. Christensen benti á að með því að fá Mishkin til þess að setja nafn sitt við skýrsluna hefði hún öðlast mikið vægi á Íslandi sem og á alþjóðlegum vettvangi<sup>26</sup>. Viðskiptaráð Íslands fjármagnaði gerð skýrslunnar og fékk Mishkin um 135 þúsund dollara fyrir verkið. Tryggvi Þór fékk 3 milljónir kr. en hann tók fram að Hagfræðistofa hafi fengið „eitthvað“ af þeirri upphæð<sup>27</sup>. Höfundarnir kynntu skýrsluna fyrir stjórnmalamönnum og forsvarsmönnum banka héraendis og erlendis. Mikið þótti til þess koma að jafn þekktur hagfræðingur og Mishkin talaði vel um íslenskan efnahag og greiddi skýrslan leið íslenskra banka að erlendum fjármálamörkuðum (RNA, 2010, bls. 214 – 216). Þannig skrifuðu Tryggvi Þór og Mishkin, tveir fræðimenn, skýrslu fyrir helstu hagsmunasamtök viðskiptalífsins á Íslandi sem hafði einungis þann tilgang að upphæfja íslenskt efnahagskerfi.

Á árunum 2005 og 2008 urðu tengsl fjármálageirans og háskólasamfélagsins mjög sterk í krafti markaðsvæðingar og svo virðist sem uppgjöri við það tímabil sé ekki lokið. Í Rannsóknarskýrslu Alþingis segir að fjárhagsleg tengsl háskóla, háskólafólks og fjármálafyrirtækja þurfi að skoða betur því að skortur er á upplýsingum um eitt og annað. Til dæmis liggur ekki ljóst fyrir hvaða háskólafólk fékk styrki, þá er ekki vitað hvaða háskólafólk fékk verktakagreiðslur frá íslenskum bönkum og þau gögn sem eru komin fram virðast vera

---

<sup>24</sup> Moody's er alþjóðlegt matsfyrirtæki.

<sup>25</sup> Slíkt kemur fram á bls. 47 í skýrslu Tryggva Þórs sem skrifuð var fyrir rannsóknarnefnd Alþingis árið 2009.

<sup>26</sup> Þetta kemur fram í viðtali Vilhjálms Arnasonar við Lars Christensen sem tekið var fyrir rannsóknarnefnd Alþingis árið 2009.

<sup>27</sup> Slíkt kemur fram á bls. 40 í skýrslu Tryggva Þórs Herbertssonar sem skrifuð var fyrir rannsóknarnefnd Alþingis árið 2009.

ófullkomin (RNA, 2010, bls. 212). Skýrsla Tryggva Þórs og Mishkin sýnir á mjög skýran máta hvernig hagsmunir háskólafélks gátu haft áhrif á fræðilegt framlag þess og það getur þrýstingur á háskólafélk frá hagsmunahópum líka haft.

Áhrif fjármálageirans á háskólasamfélagið gætti víðar og árunum 2005 til 2008 höfðu bankar og fyrirtæki í atvinnulífinu aukna tilhneigingu til þess að hafa afskipti af háskólaeignu sem tengdist starfsemi þeirra með einhverju móti. Slík hegðun er til marks um að reynt sé að kæfa ákveðna umræðu og viðhorf sem koma sterkum aðilum í samfélaginu illa (Guðni Elísson og Jón Ólafsson, 2011, bls. 9). Af þessu eru því miður til fjölmörg dæmi. Þannig segir Lilja Mósesdóttir frá því að þegar hún var við kennslu í Háskóla Íslands hafi fjárhagslegur stuðningur fyrirtækja við viðskiptadeild Háskóla Íslands oft gert það að verkum að sjálfsritskoðun á meðal nemenda og kennara var algeng.

Ég man t.d. eftir einu atviki þar sem ég fjallaði um hegðun stjórnenda Eimskips á níunda áratug seinustu aldar til að útskýra það sem hagfræðin kallar Umboðsvandinn (principal agent problem). Umboðsvandinn felst í aðstæðum þar sem hagsmunir margra smárra eigenda fyrirtækis og stjórnenda þess fara ekki saman. Einn nemandi minn klagði mig fyrir að fjalla á neikvæðan hátt um Eimskip í kennslustofu sem kennd var við Eimskip. Þetta og önnur sambærileg atvik urðu til þess að ég var eindregið hvött til þess af stjórnendum skólans að fjalla á jákvæðan hátt um íslensk fyrirtæki. Í kjölfarið ákvað ég að draga mig út úr opinberri umræðu um málefni sem tengdust beint íslenskum fyrirtækjum. Ég vildi halda vinnunni<sup>28</sup> (RNA, 2010, bls. 213).

Vilhjálmur Bjarnason, lektor við viðskiptadeild Háskóla Íslands, tjáði sig reglulega um starfshætti bankanna í aðdraganda hrunsins<sup>29</sup> og gagnrýndi vinnubrögð íslensku bankanna harðlega. Fór það svo að lokum að Vilhjálmi var hóttað að styrkur Kaupþings til viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands yrði dreginn til baka ef hann héldi áfram störfum sínum þar og hætti ekki að gagnrýna bankana<sup>30</sup> (RNA, 2010, bls. 221 – 222).

Gylfi Zoëga, hagfræðiþrúfessor við Háskóla Íslands, fékk Robert Aliber, þrúfessor emeritus í hagfræði við Háskólann í Chicago, til þess að koma hingað til lands í júní árið 2007 og halda fyrirlestur um íslenskt efnahagslíf. Í fyrirlestri sínum sagði Aliber að íslenskt efnahagskerfi myndi hrynja innan skamms tíma. Bankamenn og sumir fjölmiðlar risu upp á afturlappirnar og gagnrýndu Aliber harðlega og á þann hátt að boðskapur hans komst aldrei til skila til almennings. Gylfi fékk símtal frá Guðjóni Rúnarssyni, framkvæmdastjóra Samtaka

---

<sup>28</sup> Tekið úr erindi Lilju Mósesdóttur: *Viðskiptafræði á tímum útrásar*. Erindið var flutt á málþingi Reykjavíkuraðakadémiunnar í Háskólabíói 25. október árið 2008.

<sup>29</sup> Þó skal taka fram að Vilhjálmur var framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta og virkur fjárfestir í ýmsum hlutafélögum og meta skal framgöngu hans með hliðsjón af því.

<sup>30</sup> Þetta kemur fram í samtali Vilhjálms Árnasonar við Vilhjálmu Bjarnason árið 2009.

Fjármálafyrirtækja (SFF), þar sem sá síðarnefndi kvartaði undan fyrirlestrinum en SFF hafði styrkt fyrirlesturinn. Síðar sagði Guðjón við Gylfa að SFF myndi ekki styrkja fleiri fyrirlestra á vegum hagfræðideildar Háskóla Íslands. Gylfi og Aliber hittu síðar Geir H. Haarde, þáverandi forsætisráðherra, þar sem Aliber lagði fram ráðleggingar um hvaða aðgerðir væri mikilvægt að ráðast í til þess að bjarga íslenskum efnahag. Geir sýndi ráðleggingum Aliber lítinn áhuga og vildi heldur tala um sameiginlegan kunningja þeirra Aliber. Geir sagði seinna um heimsókn Aliber að hann hefði bara verið „huggulegur gamall kall sem var að koma þarna“<sup>31</sup> (RNA, 2010, bls. 226). Í Rannsóknarskýrslu Alþingis er fjöldinn allur af svipuðum dæmum, en Rannsóknarskýrsla Alþingis og störf rannsóknarnefndar Alþingis er einmitt næsta viðfangsefni ritgerðarinnar.

Samkvæmt lögum um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða nr. 142/2008, átti rannsóknarnefnd Alþingis að kanna aðdraganda og orsakir þess að bankarnir féllu (RNA, 2010). Í grein sinni *Af veikum mætti: Ábyrgðar- og gagnrýnishlutverk háskóla* gagnrýnir Irma Erlingsdóttir, dósent í frönskum bókmenntum við Háskóla Íslands, þetta fyrirkomulag. Irma bendir á að engin hugmyndafræði hefði legið að baki störfum rannsóknarnefndar Alþingis og eina markmið nefndarinnar hefði verið að gera upp hrúnið sem fortíðarvanda þjóðarinnar. Rannsóknarnefndin nálgadist hrúnið með þröngu sjónarhorni á forsendum stofnanavalds og að aldrei hafi verið gerðar tilraunir til þess að fá almenning til þess að taka þátt í þessu uppgjöri við hrúnið. Irma bendir á að hrúnið hafi ekki aðeins verið „útþensla viðskiptavalds í samvinnu við stjórn mála- og embættismannavaldið“ eins og rætt er um í Rannsóknarskýrslu Alþingis heldur einnig verið „samfélagslegt og sögulegt rof“, t.d. liggi ábyrgðin á hrúninu víðar en einungis hjá ráðamönnum (Irma Erlingsdóttir, 2011, bls. 15 – 17). Ingi Freyr ræðir svipaða hluti í bók sinni *Hamskipti: Þegar allt varð falt á Íslandi* og segir að hætta sé á að litið sé á hrúnið sem einungis bankahrún en það sem hafi gerst væri samfélagshrun eða kerfishrun. Hrúnið var „miklu stærra, miklu djúpstæðara, umfangsmeira og alvarlega en svo að hægt sé að tala um það með forskeyti sem vísar aðeins til heims fjármála og bankastarfsemi.“ Ingi Freyr segir að það sé ekki bara ráðamenn, fjölmiðlar, háskóla fólk eða viðskiptafólk sem beri ábyrgð á hrúninu heldur gerir almenningur það líka. „Meirihluti Íslendinga ber ábyrgð á því til framtíðar að hafa ítrekað á árunum 1995 – 2007 kosið yfir sig ríkisstjórnir sem gerðu grundvallar kerfisbreytingar á samfélaginu, kerfisbreytingar sem kölluðu efnahagshrun yfir þjóðina“ (Ingi Freyr Vilhjálmsson, 2014, bls. 258 – 259). Það sem Irma og Ingi Freyr benda á er mikilvægt vegna þess það sýnir fram á að uppgjörinu við hrúnið

---

<sup>31</sup> Slíkt kemur fram á bls. 55 í skýrslu Geirs H. Haarde sem skrifuð var fyrir rannsóknarnefnd Alþingis.

er ekki lokið. Þættir áþekkir þeim sem hér hafa verið ræddir, og áttu sér stað fyrir hrun, gerast enn í íslensku samfélagi. Dæmi um það eru afskipti hagsmunaafla af störfum fjölmiðla, líkt og rætt var um í þriðja kafla, og afskipti hagsmunaafla út í störf og rannsóknir háskólafélks en um slíkt verður nú rætt.

Í grein sinni, *Háskólinn á tímum kreppu*, halda Jón Ólafsson og Guðni Elísson, prófessor í bókmenntafræði við Háskóla Íslands, því fram að eftir hrun hafi afskipti banka og fyrirtækja af háskólafélki minnkað. Í staðinn hafi hagsmunaöfl af öðrum toga, sem hafa reynt að hafa áhrif á kennsluhætti eða rannsóknir háskólafélks, sprottið fram (Guðni Elísson og Jón Ólafsson, 2011, bls. 9).

Dæmi um þetta eru viðbrögð þingflokks Framsóknarflokksins og einkum Vigdísar Hauksdóttur, þingmanns flokksins, við grein Eiríks Bergmanns Einarssonar, dósents við Háskólann á Bifröst, sem skrifuð var í Fréttatímann árið 2011 en í greininni skrifaði Eiríkur um daður Framsóknarflokksins við þjóðernisstefnu (Eyjan.is, 2011). Í kjölfarið barst yfirlýsing frá þingflokki Framsóknarflokksins þar sem Háskólinn á Bifröst er beðinn um að gera upp við sig til framtíðar hvort skólinn telji samboðið virðingu sinni að birta opinberlega, í sínu nafni, ósannar ásakanir með villandi framsetningu sem virðast vera settar fram í pólitískum tilgangi. Í yfirlýsingunni kom fram að þingflokkurinn teldi þetta rýra trúverðugleika Háskólans á Bifröst (Þingflokkur Framsóknarflokksins<sup>32</sup>, 2011). Í yfirlýsingu frá Vigdísi Hauksdóttur kom fram að eftirtektarvert væri að á þeirri fréttasíðu í Fréttatímanum sem grein Eiríks var á, var líka auglýsing frá Háskólanum á Bifröst. Vigdís sagðist hallast að því að Háskólinn á Bifröst fengi þarna ókeypis auglýsingu hjá Fréttatímanum „út á andlit og skoðanir doktors Eiríks Evrópusambandsinnna í gegnum sjóð þann sem sér um að greiða doktornum laun og uppihald í Evrópuáróðrinum.“ Vigdís talar jafnframt beint til Eiríks Bergmanns og segir: „Grein þín í Fréttatímanum liðna helgi er til marks um það – að grípa til þeirra bragða sem þú notaðir þar – ætti að vera ástæða til að vísa þér úr starfi í Háskólanum á Bifröst. (sic)“ Í lok yfirlýsingar sinnar skorar Vigdís svo á stjórn og rektor Háskólans á Bifröst að „fara yfir hegðun doktors Eiríks sem starfsmanns ríkisstyrkts háskóla“ (Vigdís Hauksdóttir, 2011).

Annað dæmi sem mætti nefna eru orð sem Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, þáverandi forsætisráðherra, lét falla í ræðu<sup>33</sup> sinni á Viðskiptaþingi í febrúar árið 2014 en þar talaði hann

---

<sup>32</sup>Undir yfirlýsingu þingflokks Framsóknarmanna rituðu Gunnar Bragi Sveinsson þáverandi formaður þingflokks Framsóknarmanna, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson formaður Framsóknarflokksins, Birkir Jón Jónasson þáverandi varaformaður Framsóknarflokksins, Eygló Harðardóttir ritari Framsóknarflokksins, Ásmundur Einar Daðason alþingismaður, Höskuldur Þórhallsson alþingismaður, Sigurður Ingi Jóhannsson alþingismaður, Siv Friðleifsdóttir alþingismaður og Vigdís Hauksdóttir alþingismaður.

<sup>33</sup> Ræðu Sigmundar Davíðs má sjá í heild sinni [hér](#).

um pólitíska krossfara í háskólasamfélaginu. Aðspurður um hverjir þessir pólitísku krossfarar væru sagði Sigmundur Davíð að það væru „til dæmis þeir sem mæta árvisst til að reka áróður í blöðum og fjölmiðlum, til dæmis hvað varðar íslenskan landbúnað og fullyrða hluti, sem eru ekki réttir, með það að markmiði að hafa áhrif á þá umgjörð sem íslenskur landbúnaður og íslensk matvælaframleiðsla býr við.“ Sigmundur Davíð sagði jafnframt að „það væri ósæmandi háskólasamfélaginu, þegar menn eru bara í pólitískri herferð gegn einhverjum sem þeir líta á sem andstæðinga sína og nýta aðstöðu sína, hvort sem er í háskólum eða einhvers staðar annars staðar“ (RÚV, 2014b).

Háskólafolk býr ennþá við pressu frá hagsmunaaðilum, láti það í ljós skoðanir sem hagsmunaaðilunum líkar ekki. Björn Gíslason (f. 1976 – ) lýsir þessu ástandi ágætlega í meistaraverkefni sínu í blaða- og fréttamennsku frá árinu 2014. Björn segir að oftast en ekki megi „rekja hótanir og gagnrýni gagnvart háskólafolki til þess að ráðandi aðilar í stjórnámálum, efnahagslífi eða í hagsmunahópum líti á háskólafolk sem einhverskonar ógn við ríkjandi hugmyndir eða gildi í samfélaginu“. Ráðamenn telja sig stundum knúna til þess

að bjarga fólki frá menntamönnum sem viðhalda málflutningi sem fara gegn ríkjandi hugmyndum. Ráðafolk notar vald sitt gegn háskólafolki og ræðst að háskólafolki með örökstuddri gagnrýni sem hefur það að markmiði að grafa undan háskólafolki sem trúverðugri gagnrýniströð í samfélaginu, röð sem hefur í flestum tilvikum áralanga menntun og reynslu af því að fást við mörg af þeim málum sem hæst ber í samfélaginu út frá fjölbreyttum sjónarhornum (Björn Gíslason, 2014, bls. 74).

Þetta getur komið í veg fyrir að háskólafolk þori að taka þátt í opinberri umræðu og það ógnar opinberri umræðu sökum þess að hún verður fátækari fyrir vikið (Björn Gíslason, 2014, bls. 74). En merkir þetta að háskólafolk eigi að vera undanþegið gagnrýni? Ættu ráðamenn t.d. að sleppa því að svara gagnrýni þess eða sleppa að gagnrýna það? Því fer víðs fjarri. Björn telur ekkert athugasvert við að ráðamenn eigi í skoðanaskiptum við háskólafolk. Hins vegar verða ráðamenn að passa sig á að nota ekki vald sitt gagnvart háskólafolki líkt og í sumum dæmanna sem áður hefur verið minnst á. Björn leggur þunga áherslu á að háskólafolk sé engan vegið hafið yfir gagnrýni (Björn Gíslason, 2014, bls. 74). Enda snýst þetta ekki um það hvort ráðamenn megi gagnrýna eða svara háskólafolki, heldur miklu frekar um hvort akademískt frelsi háskólafolks sé virt eða hvort reynt sé að skerða þetta mikilvæga frelsi.

Jonathan Cole (f. 1942 –), bandarískur félagsfræðiprófessor við Columbia-háskóla, segir að til þess að geta þrífist til lengdar þurfi háskólar að njóta fulls og óskerts akademísku frelsis. Það þýðir að stjórnvöld, aðilar viðskiptalífsins eða hagsmuna- og þrýstihópar megi ekki ná tangarhaldi á háskólum og háskólafolki. Cole segir að þetta sé vissulega erfiðara nú á tímum en

áður fyrir sökum þess að nú eru háskólar mun tengdari atvinnulífi, viðskiptum og stjórnámálum. Þetta leiðir til þess að þegar háskóla fólk lætur í ljós hugmyndir sem andstaða er við er því hótad með margvíslegum hætti af hagsmunaaðilum. Cole segir að ef rannsóknir eigi að skila árangri og uppgötvunum þá komi stundum fram hlutir sem hagsmunaaðilum kann að mislíka. Þegar stjórnvöld eða hagsmunaöfl snúast gegn háskóla fólki fyrir að laga sig ekki að ákveðnum skoðunum er verið að skerða akademískt frelsi þess. Ef akademísku frelsi er ógnað getur það dregið úr getu háskóla fólks til þess að gera mikilvægar uppgötvanir og stunda mikilvægar rannsóknir. Það er augljóslega slæmt þar eð þetta kemur niður á þekkingarmiðlun og þekkingarsköpun háskólanna, en samfélög og háskólar eru háðir þessu tvennu (Cole, 2005, bls. 176, 178 – 179).

Akademískt frelsi er gríðarlega mikilvægt, ekki aðeins fyrir háskólana sjálfa heldur einnig fyrir samfélagið allt. Þess vegna skiptir máli að skapa umhverfi sem er bæði gagnlegt einstaklingum með frumlegar, gagnrýnar og skapandi hugsanir sem og gagnlegt samfélaginu, umhverfi þar sem einstaklingar fá að blómstra en sem eykur einnig velferð samfélagsins. Frelsi til rannsókna er tilverugrundvöllur háskóla, háskóla fólks og jafnvel í einhverjum skilningi samfélaga. Þess vegna, segir Cole, að standa þurfi vörð um háskóla fólk þegar því er á einhvern hátt ógnað (Cole, 2005, bls. 219, 227). Jón Ólafsson og Guðni Elísson taka í svipaðan streng og benda á að vörn fyrir akademísku frelsi sé í raun vörn fyrir réttinum til þess að takast á „um umdeild mál fyrir þeim sem reyna að þrengja að vettvangnum með aðferðum útilokunar og valdbeitingar“ (Guðni Elísson og Jón Ólafsson, 2011, bls. 9). Skerðing á akademísku frelsi þýðir skerðing á þátttöku háskóla fólks í opinberri umræðu og er þar með tilraun til að grafa undan upplýstri opinberri umræðu (Cole, 2005; RNA, 2010).

## 5. NIÐURSTÖÐUR

---

Í aðdraganda efnahagshrunsins árið 2008 var opinber umræða á Íslandi að sumu leyti sjúk, hún var sjúk að því leyti að hún var óupplýst vegna þess að fjölmiðlafólki mistókst að halda henni upplýstri. Ástæðurnar fyrir því voru þær að fjölmiðlafólkið sjálft átti hagsmuna að gæta og stundum reyndu hagsmunaöfl að ritskoða fjölmiðlafólk. Fjölmiðlafólk stundaði líka sjálfsritskoðun og lagaði frétttaflutning sinn að ákveðnum málstað. Háskólafólk brást einnig skyldum sínum og neitaði stundum að taka þátt opinberri umræðu. Annað hvort vegna eigin hagsmuna eða vegna þrýstings frá hagsmunaaðilum. Stundum tók háskólafólk þátt í opinberri umræðu en þá með þeim hætti að það hentaði ákveðnum málstað eða með fyrirfram ákveðinni niðurstöðu. Þannig skapaðist grundvöllur fyrir sjúka opinbera umræðu, sem fór fram á forsendum viðskiptaaflla og ráðamanna sem upphófu íslenskt hagkerfi og eigin hagsmuni á kostnað alls annars. Þessi sjúka opinbera umræða hafði síðan áhrif á almenningsálitið sem kynti undir markaðsvæðingu samfélagsins. Jafnvel mætti segja að meirihluti almennings sem kaus á árunum fyrir hrun hafi, upp að vissu marki, kosið hrunið yfir sig. Líkt og fjölmiðlafólk, háskólafólk, viðskiptafólk og ráðamenn ber almenningur, að hluta til, ábyrgð á hruninu. Ábyrgð þessara hópa er þó mismikil. Hrunið skall svo á og þessu ástandi sem hér hefur verið lýst lauk og allt breyttist, eða hvað?

Rannsóknarskýrsla Alþingis leit dagsins ljós árið 2010 en hún gerði upp hrunið á beittan máta. Skýrslan er umbúðalaus frásögn um það sem gerðist fyrir hrun, greint er frá nöfnum án miskunnar og einstaklingar dregnir til ábyrgðar fyrir gjörðir sínar. Rannsóknarskýrsla Alþingis leit út fyrir að vera hið fullkomna svar við efnahagshruninu. En hún var ekki nóg.

Sum þeirra atriða sem leiddu til íslenska efnahagshrunsins – sem var í raun miklu meira en efnahagshrun, frekar hrun brenglaðar sjálfsímyndar þjóðar – eru að hluta til ennþá til staðar í íslensku samfélagi. Ennþá eru til staðar hagsmunaöfl í íslensku samfélagi sem nota vald sitt til þess að reyna hafa áhrif á störf fjölmiðla og háskólafólks. Þessi öfl virða akademískt frelsi háskólafólks að vettugi og finnst að fjölmiðlar eigi einungis að láta þær upplýsingar í ljós sem henti ákveðnum málstað. Þessi öfl vilja stjórna upplýsingaflæði til almennings og móta almenningsálitið þannig að það geri þeim kleift að halda í völd sín. Þó er einn grundvallar munur á ástandinu núna og ástandinu fyrir hrun, fyrir hrun voru þessi öfl oftast tengd íslensku bönkunum en nú eru þessi öfl frekar tengd inn á svið íslenskra stjórn málaflökka.

Þrátt fyrir að standa höllum fæti standa íslenskir fjölmiðlar sig að mörgu leyti vel, t.a.m. við að benda á margt sem betur mætti fara í samfélagi okkar. Má þar benda á atriði eins og



misbeitingu pólitífsks valds. Töluvert vantar þó upp á að íslenskt fjölmiðlaumhverfi sé heilbrigt. Samþjöppun eignarhalds á íslenskum fjölmiðlum er of mikil og starfsumhverfi fjölmiðlafólks gerir það að verkum að fjölmiðlafólk nær ekki að sinna lýðræðislegum hlutverkum sínum nógu vel. Fleiri rannsóknir þarf þó að gera á íslensku fjölmiðlaumhverfi, til þess að sjá betur hvað gengur vel og úr hverju þarf að bæta. Ljóst má vera að fjölmiðlar þurfa á meiri aðstoð að halda frá ríkisvaldinu, því samfélagið græðir allt á sterkum fjölmiðlum. Sterkir fjölmiðlar þýða öflugra lýðræði.

Háskólafólk reynir margt hvert að taka þátt í opinberri umræðu, að því er virðist, til að hún megi verða upplýstri. Þrátt fyrir það fær þetta sama fólk ekki annað en skammir fyrir og stundum jafnvel hótanir ef það segir eitthvað sem fellur ekki í geð ákveðinna hagsmunaafla. Ef til vill má segja að akademískt frelsi háskólafólks nýtist betur nú en fyrir hrun en það þýðir þó ekki að akademískt frelsi þeirra sé virt af þeim sem ráða og hafa völd.

Íslenskt samfélag hefur, að hluta til, gert upp hrúnið. Langflestir vita hvað var gert rangt en fáir virðist vilja gangast undir þá ábyrgð að hafa gert eitthvað rangt. Sökum þessa hefur það reynst íslensku samfélagi erfitt að draga lærdóm af hrúninu sem er samfélaginu til lengri tíma skaðlegt. Hrúnið ætti að nota sem víti til varnaðar til að forðast að feta aftur þá leið sem samfélagið fór í aðdraganda hrunsins. Reynslan hefur sýnt að upplýst opinber umræða skiptir gríðarmiklu máli. Upplýst opinber umræða þarfnast sjálfstæðra og sterkra fjölmiðla sem er gert kleift að sinna lýðræðislegu hlutverki sínu. Upplýst opinber umræða þarfnast einnig háskólafólks sem getur og vill taka þátt í opinberri umræðu. Öflugir fjölmiðlar sem og öflugt háskólafólk gegna því lykilhlutverki í virku lýðræðissamfélagi sem, þegar öllu er á botninn hvolft, gagnast almenningi.

Samfélag þar sem lýðræði stendur sterkum fótum er upplýst samfélag, samfélag með sterka fjölmiðla og öflugra háskóla, samfélag sem hefur gagnsæi að leiðarljósi. Það er ekki samfélag þar sem fáir og sterkir hagsmunahópar ráða flestöllu sem þeir vilja ráða eða samfélag þar sem peningaöflin ráða öllu. Íslenskt samfélag fékk nasapef af þess háttar samfélagi fyrir hrun en í ljósi sögunnar viljum við vart þannig samfélag.

## 6. HEIMILDASKRÁ

---

- Bergsteinn Sigurðsson. (26. júní, 2015). Samfélagsumræðan hinn nýi skuggastjórnandi. *Rúv.is*. Sótt 30. apríl 2016 af <http://www.ruv.is/frett/samfelagsumraedan-hinn-nyi-skuggastjornandi>
- Birgir Guðmundsson. (23. júní, 2015). Sjálfsritskoðun íslenskra blaðamanna. *Stjórnsmál & Stjórnsýsla*, 11(1), bls. 55 – 70). Sótt 30. apríl 2016 af <http://skemman.is/stream/get/1946/22354/51637/1/a.2015.11.1.4.pdf>
- Björn Gíslason. (maí, 2014). *Krossfarar eða kunnáttumenn? Háskólafólk, fjölmiðlar og samfélagsumræða*. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félags- og mannvísindadeild. Sótt 27. ágúst 2015 af [http://skemman.is/stream/get/1946/17717/41237/1/meistararitgerd\\_BG\\_krossfarar\\_eda\\_kunnattumenn.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/17717/41237/1/meistararitgerd_BG_krossfarar_eda_kunnattumenn.pdf)
- Blocher, J. (2012). Public Discourse, Expert Knowledge, and the Press [rafræn útgáfa]. *Washington Law Review*, 87, 409 – 443. Sótt 31. ágúst 2015 af <https://digital.law.washington.edu/dspace-law/bitstream/handle/1773.1/1138/87WLR0409.pdf?sequence=1>
- Bourdieu, P. (1972). L'opinion publique n'existe pas (Egill Arnarson þýddi). Í Davíð Kristjánsson (ritstjóri), *Almenningsálitid er ekki til* (bls. 61 – 83). Reykjavík: Omdúrman/Reykjavíkur Akademían.
- Cole, J. (2005). Akadémískt frelsi og rannsóknir (Jón Ólafsson og Vilborg Sigurðardóttir þýddu). Í Guðni Elísson og Jón Ólafsson (ritstjórar), *Ritið: Tímarit Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands*, 11 (1), bls. 175 – 227.
- Croteau, D. Hoynes, W. og Milan, S. (2012). *Media Society: Industries, Images and Audiences* (4. útgáfa). Bandaríkin: SAGE Publications.
- Eyjan.is. (10 nóvember, 2011). *Vigdís Hauksdóttir: Vill láta reka háskólakennara fyrir blaðaskrif um framsókn*. Sótt 22. apríl 2016 af <http://eyjan.pressan.is/frettir/2011/11/10/vigdis-hauksdottir-vill-lata-reka-haskolakennara-fyrir-bladaskrif-um-framsokn/>
- Fjölmiðlanefnd. (e.d. a). *365 Miðlar HF*. Sótt 1. maí 2016 af <http://fjolmidlanefnd.is/365-midlar-ehf-2/>
- Fjölmiðlanefnd. (e.d. b). *DV EHF*. Sótt 1. maí 2016 af <http://fjolmidlanefnd.is/dv-ehf/>
- Foucault, M. (1984). Truth and Power. Í P. Rabinow (ritstjóri), *The Foucault Reader* (bls. 51 – 76). New York: Pantheon Books. Sótt 17. apríl 2016 af [http://biopolitics.kom.uni.st/Michel%20Foucault/The%20Foucault%20Reader%20\(149\)/The%20Foucault%20Reader%20-%20Michel%20Foucault.pdf](http://biopolitics.kom.uni.st/Michel%20Foucault/The%20Foucault%20Reader%20(149)/The%20Foucault%20Reader%20-%20Michel%20Foucault.pdf)
- Gardner, H., Csikszentmihalyi, M. og Damon, W. (2001). *Good work: When excellence and ethics meet*. New York: Basic Books.

- Guðmundur Heiðar Frímansson. (2012). Akademískt frelsi. Í *Stjórnmal & Stjórnsýsla*, (2 – 8), bls. 265 – 280. Sótt 19. apríl 2016 af <http://skemman.is/stream/get/1946/14842/34869/1/a.2012.8.2.4.pdf>
- Guðni Elísson og Jón Ólafsson. (2011). Háskólinn á Tímum Kreppu. Í Guðni Elísson og Jón Ólafsson (ritstjórar), *Ritið: Tímarit Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands*, 11 (1), bls. 3 – 9.
- Gunnlaugur Reynir Sverrisson. (23. apríl, 2016). Samfélagsmiðlar breyttu umræðunni. Í Tæknivarpíð: Hlaðvarp Kjarnanns. *Kjarninn*. Sótt 1. maí 2016 af <http://kjarninn.is/hladvarp/taeknivarpid/2016-04-22-samfelagsmidlar-breyttu-umraedunni/>
- HA: Háskólinn á Akureyri. (2012). *Stefna Háskólans á Akureyri 2012 – 2017*. Sótt 18. apríl 2016 af [http://www.unak.is/static/files/Stjornsysla\\_stefnumal/HA\\_Stefna2012-2017\\_www.pdf](http://www.unak.is/static/files/Stjornsysla_stefnumal/HA_Stefna2012-2017_www.pdf)
- HB: Háskólinn á Bifröst. (nóvember, 2013). *Rannsóknarstefna*. Sótt 18. apríl 2016 af <http://www.bifrost.is/um-haskolann/stefna-og-hlutverk/rannsoknastefna/>
- HH: Háskólinn á Hólum (maí, 2014). *Síðareglur fyrir Hólaskóla* (ákvæði 2.4.2.). Sótt 18. apríl 2016 af <http://holar.is/sites/holar.is/files/sidareglur-hh-mai-2014.pdf>
- HÍ: Háskóli Íslands. (e.d.). *Stefna Háskóla Íslands 2011 – 2016*. Sótt 18. apríl 2016 af [http://www.hi.is/sites/default/files/oldSchool/stefna\\_hi\\_2011\\_2016.pdf](http://www.hi.is/sites/default/files/oldSchool/stefna_hi_2011_2016.pdf)
- Hjálmar Friðriksson. (18. ágúst, 2015). Reyndur íslenskur blaðamaður um virka í athugasemdum: „Svolítið ógnvekjandi“. *Stundin*. Sótt 30. Apríl 2016 af <http://stundin.is/frett/reyndur-islenskur-bladamadur-um-virka-i-athugasemd/>
- HR: Háskóli Reykjavíkur. (e.d.). *Stefna Háskólans í Reykjavík: Tengsl við atvinnulíf og samfélag*. Sótt 18. apríl 2016 af <http://www.ru.is/haskolinn/stefna/>
- Ingi Freyr Vilhjálmsson. (2014). *Hamskipti: Þegar allt varð falt á Íslandi*. Reykjavík: Veröld.
- Ingi Freyr Vilhjálmsson. (30. september, 2015). Rúmlega þriðji hver þorskur á bak við hlutafé Morgunblaðsins. *Stundin*, 9(1), bls. 16.
- Irma Erlingsdóttir. (2011). Af veikum mætti: Ábyrgðar- og gagnrýnishlutverk háskóla. Í Guðni Elísson og Jón Ólafsson (ritstjórar), *Ritið: Tímarit Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands*, 11 (1), bls. 11 – 25.
- Íslensk orðabók. (2002). Reykjavík: Edda.
- Jakob Bjarnar Grétarsson. (14. ágúst, 2013). Vigdís vill endurskoða fjárframlög til RÚV. *Vísir.is*. Sótt 23. apríl 2016 af <http://www.visir.is/vigdis-vill-endurskoda-fjarframlog-til-ruv/article/2013130819607>
- Jón Ólafsson. (2011). Róttækur háskóli – Tvíræður Háskóli. Í Guðni Elísson og Jón Ólafsson (ritstjórar), *Ritið: Tímarit Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands*, 11 (1), bls. 25 – 47.

- Jón Torfi Jónasson. (2011). Háskólar og Gagnrýnin Þjóðfélagsumræða. Í Guðni Elísson og Jón Ólafsson (ritstjórar), *Ritið: Tímarit Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands*, 11 (1), bls. 47 – 65.
- Jón Trausti Reynisson. (21. apríl, 2016). Forsætisráðherra boðaði yfirmenn fjölmiðla á fund. *Stundin*, 8(2), 16 – 17.
- Karl Garðarsson. (21. mars, 2016). Óvinur nr. 1. *Eyjan.is*. Sótt 23. apríl 2016 af <http://blog.pressan.is/karlg/2016/03/21/ovinur-nr-1/>
- LBHÍ: Landbúnaðarháskóli Íslands. (e.d.). *Stefna Landbúnaðarháskóla Íslands 2009 – 2013*. Sótt 18. apríl 2016 af [http://www.lbhi.is/sites/default/files/gogn/vidhengi/stefna\\_lbhi\\_18\\_desember\\_2008\\_lokautgafa\\_3\\_.pdf](http://www.lbhi.is/sites/default/files/gogn/vidhengi/stefna_lbhi_18_desember_2008_lokautgafa_3_.pdf)
- LHÍ: Listaháskóli Íslands. (e.d.). *Síðareglur: Samfélag og umhverfi*. Sótt 18. apríl 2016 af [http://www.lhi.is/sites/lhi.is/files/atoms/files/sidareglur\\_listahaskola\\_islands\\_0.pdf](http://www.lhi.is/sites/lhi.is/files/atoms/files/sidareglur_listahaskola_islands_0.pdf)
- Lightman, A. P. (2000). The Role of the Public Intellectual. *MIT Communications Forum*. Sótt 7. janúar 2015 af <http://web.mit.edu/comm-forum/papers/lightman.html>
- Lippmann, W. (1922). *Public Opinion*. Bandaríkin: Macmillan.
- McCombs, M. (e.d.). *The Agenda-Setting Role of the Mass Media in the Shaping of Public Opinion*. University of Texas Austin. Sótt 27. apríl 2016 af [http://www.infoamerica.org/documentos\\_pdf/mccombs01.pdf](http://www.infoamerica.org/documentos_pdf/mccombs01.pdf)
- McDougall, J. (2012). *Media Studies*. Stóra-Bretland: Routledge.
- Meier, W. A. og Trappel, J. (1998). Media concentration and the Public interest. Í D. McQuail og K. Siune, *Media Policy, Convergence, Concentration & Commerce* (bls. 38 – 60). Euromedia Research Group, London: Sage Publications.
- Mishkin, F. S. og Tryggvi Þór Herbertsson. (maí, 2006). *Financial Stability in Icenald*. Viðskiptaráð Íslands. Sótt 20. apríl 2016 af <http://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/3564/555877819Financial%20Stability%20in%20Ice%20Screen%20Version.pdf?sequence=1>
- MRN: Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2. Apríl, 2004). *Greinargerð nefndar menntamálaráðherra um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi*. Davíð Þór Björgvinsson, Guðmundur Heiðar Frímannsson, Karl Axelsson, Pétur Gunnarsson og Ragnar Karlsson. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Sótt 15. janúar 2016 af [https://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf\\_Upplysingar-Utgefid/Fjolmidlaskyrsla.pdf](https://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf_Upplysingar-Utgefid/Fjolmidlaskyrsla.pdf)
- MRN: Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (apríl, 2005). *Skýrsla nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla*. Karl Axelsson, Kristinn Hallgrímsson, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Pétur

Gunnarsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Magnús Þór Hafsteinsson, Elfa Ýr Gyldadóttir. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

- MRN: Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (6. maí 2011). *Tillögur nefndar um eignarhald á fjölmiðlum*. Sótt 25. febrúar 2016 af <https://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/6243>
- MRR: Markaðs- og miðlarannsóknir ehf. (1. desember 2014). *Traust til fjölmiðla dregist saman*. Sótt 11. apríl árið 2016 af <http://mmr.is/frettir/birtar-nieurstoeeur/436-traust-til-fjoelmidhla-dregst-saman>
- Nussbaum, M. (2011). *Creating capabilities*. Bandaríkin: Harvard University Press.
- Óbirt þingskjal, 419. Löggjafarþing 2015 – 2016. Fyrirspurn til mennta- og menningarmálaráðherra um styrki eða niðurgreiðslur til fjölmiðla. *Alþingi*. Sótt 25. febrúar 2016 af <http://www.althingi.is/altext/145/s/0419.html>
- Óbirt þingskjal, 1381. Löggjafarþing 2012 – 2013. Lög um breytingar á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (eignarhaldsreglur og endurbætur). *Alþingi*. Sótt 15. apríl 2016 af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2013.054.html>
- Óbirt þingskjal, 721. Löggjafarþing 2015 – 2016. Svar mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Heiðu Kristínu Helgadóttur um styrki eða niðurgreiðslur til fjölmiðla. *Alþingi*. Sótt 25. febrúar 2016 af <http://www.althingi.is/altext/145/s/0721.html>
- Post, R. (1995, júlí). Recuperating first amendment doctrine. *Stanford Law Review*, 47, 1249-1281. Sótt 23. október 2015 af [http://digitalcommons.law.yale.edu/cgi/viewcontent.cgi?article=1199&context=fss\\_papers](http://digitalcommons.law.yale.edu/cgi/viewcontent.cgi?article=1199&context=fss_papers)
- Preston, P. (2009). *Making News: Journalism and news cultures in Europe*. London: Routledge.
- Rawls, J. (1971). *A Theory of Justice*. Bandaríkin: Harvard University Press.
- Rawls, J. (2001). *Justice as fairness: A restatement*. Bandaríkin: Harvard University Press.
- RNA: Rannsóknarnefnd Alþingis. (2010). *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 - Viðauki 1: Siðferði og starfshættir í tengslum við fall íslensku bankanna 2008*, bindi 8. Reykjavík: Alþingi.
- RÚV. (16. febrúar, 2014b). *Dæmi um pólitíska krossfara í háskólum*. Sótt 22. apríl 2016 af <http://www.ruv.is/frett/daemi-um-politiska-krossfara-i-haskolanum>
- RÚV. (6. nóvember, 2011). *Of mikil samþjöppun á eignarhaldi*. Sótt 25. febrúar 2016 af <http://www.ruv.is/frett/of-mikil-samthjoppun-a-aignarhaldi>
- RÚV. (2. júlí, 2014a). *Saknar fjölmiðils sem skilur Framsókn*. Sótt 23. apríl 2016 af <http://www.ruv.is/frett/saknar-fjolmidils-sem-skilur-framsokn>

- Sen, A. (2000). *Development as Freedom*. Oxford: Oxford University Press
- Sigurjón Magnús Egilsson. (17. apríl, 2016). Að vera tekinn á teppið (Leiðari í útvarpsþættinum Sprengisandur á Bylgjunni). *Vísir.is*. Sótt 23. apríl 2016 af <http://www.visir.is/section/MEDIA98&fileid=CLP44851>
- Sunna Valgerðardóttir. (21. apríl, 2016). Sigmundur fékk helstu fjölmiðlastjórnendur á sinn fund. *Kjarninn*. Sótt 23. apríl 2016 af <http://kjarninn.is/frettir/2016-04-21-segir-ekkert-ofaglegt-vid-samskipti-sin-vid-forsaetisradherra/>
- Vigdís Hauksdóttir. (10 nóvember, 2011). Trúverðugleiki Háskólans á Bifröst. *Mbl.is*. Sótt 22. apríl 2016 af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1399564/>
- Vilhjálmur Árnason (2009). Áverkni eða auðsveipni: Hlutverk hugvísindamanna í samfélagsumræðu. Í Guðni Elísson og Jón Ólafsson (ritstjórar), *Ritið: Tímarit Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands*, 9 (2 – 3), bls. 21 – 34.
- Vilhjálmur Árnason. (2008). *Farsælt líf, réttlátt samfélag – kenningar í siðfræði*. Reykjavík: Mál og menning.
- Vísir.is (júní, 2013). *Mikil samþjöppun á íslenskum fjölmiðlamarkaði ógnar fjölbreytni*. Sótt 25. febrúar 2016 af <http://www.visir.is/section/MEDIA99&fileid=VTVBF3A6D55-49AE-494B-A912-6CB8B580159E>
- Vísir.is. (júní, 2005). *Yfirlýsing allra háskóla*. Sótt 18. apríl 2016 af <http://www.visir.is/yfirlýsing-allra-haskola/article/2005506150409>
- Þingflokkur framsóknarflokksins: Gunnar Bragi Sveinsson, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Birkir Jón Jónasson, Eygló Harðardóttir, Ásmundur Einar Daðason, Höskuldur Þórhallsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Siv Friðleifsdóttir og Vigdís Hauksdóttir. (9. nóvember, 2011). Yfirlýsing frá þingflokki framsóknarmanna: Villandi og meiðandi umfjöllun. *Mbl.is*. Sótt 22. apríl 2016 af <http://www.mbl.is/media/28/3928.pdf>
- Þorbjörn Broddason. (2005). *Ritlist, Prentlist og Nýmiðlar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Þórður Snær Júlíusson og Sunna Valgerðardóttir. (30. apríl, 2016). Félög í Lúxemborg kaupa nýtt hlutafé í 365 Miðlum. *Kjarninn*. Sótt 1. maí 2016 af <http://kjarninn.is/skyring/2016-04-29-felog-i-luxemborg-kaupa-nytt-hlutafo-i-365-midlum/>
- ÖSE: Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu. (24. júní 2013). *Ísland: Alþingiskosningar 27. apríl 2013*. J. F. Monzonis-Vilallonga, o.fl. ÖSE: Varsjá. Sótt 25. febrúar 2016 af <http://www.osce.org/is/odihr/elections/iceland/103314?download=true>

## 7. LAGASKRÁ

---

*Lög um fjölmiðla nr. 38/2011.*

*Lög um íslenska háskóla nr. 63/2006.*

*Lög um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða nr. 142/2008.*